

**SKOÐUN** Þórólfur Matthíasson segir mjólkurrisana hafa þvingað verð á mjólkurvöru í hæstu hæðir. 13



**MENNING** Aþena Eir Jónsdóttir leikur aðalkvenhlutverkið í uppsetningu á söngleiknum Dirty Dancing. 20



**SPORT Arsenal hefur fallið úr leik í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu síðustu þrjú ár.** 22

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
19. febrúar 2014
42. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## MARKAÐURINN



### Kerfi Advania í flugmóðurskipum Breta

Advania mun sjá um upplýsingakerfi bresku samtakanna NAAFI sem reka veitingastaði, verslanir og aðra þjónustu fyrir breska herinn.

## FRÉTTIR

### Hjóla alltaf í vinnuna

Fjórir vinnufélagar hjá Umboðsmanni skuldara hjóla í vinnuna hvernig sem viðrar. 2

**Andstaða byggð á misskilningi** Sveitarstjóri Rangárþings eystra segir mótmæli íbúa við Markarfljót ekki á rökum reist. 4

**Grunnskólar eru hvergi jafnari** Ísland og Finnland hafa sérstöðu vegna þess hve jöfnuður er mikill í skólakerfinu. 10




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | A | 5 |
| Akureyri | -3° | | SA | 4 |
| Egilsstaðir | -1° | | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | SA | 15 |
| Reykjavík | 2° | | SA | 14 |

**Hvasst** Búast má við stormi eða roki allra syðst fram eftir degi en hægari vindur fyrir norðan. Vaxandi úrkoma sunnan- og austanlands í dag. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

**Markaðurinn | Vinnuvernd | Fólk**




# Rætt um að slíta viðræðum

Vilji er innan beggja þingflokka stjórnarflokkanna til að leggja fram þingsályktunartillögu um að slíta endanlega aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Meðal annars er vísað til niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar. Fyrrverandi utanríkisráðherra segir ekkert í skýrslunni sem gefi ástæðu til viðræðuslita og að þar sé fátt um tíðindi.

**UTANRÍKISMÁL** Talsverður þrýstingur er á það innan beggja stjórnarflokka að lögð verði fram þingsályktunartillaga á næstu dögum um að slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið endanlega. Þeir sem vilja fara þessa leið vísa meðal annars með til nýútkominnar skýrslu Hagfræðistofnunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ríkisstjórnin ekki tekið ákvörðun í málinu en búist er við að það gerist fljótlega eftir helgina.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir viðræðuslit ekki hafa verið rædd innan þingflokksins. „Það var hins vegar rætt að eftir umræður um þessa skýrslu kæmi hugsanlega fram einhver tillaga, en það hefur ekkert verið rætt hvernig eða hvenær,“ segir hún. Ef ákveðið verður að slíta viðræðunum segir Ragnheiður eðlilegt að Alþingi greiði um það atkvæði.

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir ekkert í skýrslu Hagfræðistofnunar gefa ástæðu til að slíta viðræðum endanlega, en annars sé þar fátt um tíðindi.

Össur segir kaflann um efnahags- og gjaldeyrismál valda sérstökum vonbrigðum. „Þetta er að mestu leyti uppsuða úr gamalli en prýðilegri skýrslu Seðlabankans, án þess þó að leggja til nokkra valkosti. Ég á von því að væntanleg skýrsla frá aðilum vinnumarkaðarins muni geyma dýpri umfjöllun um mögulega ávinninga aðildar fyrir efnahagslífið.“



**Þetta er að mestu leyti uppsuða úr gamalli en prýðilegri skýrslu Seðlabankans, án þess þó að leggja til nokkra valkosti. Ég á von því að væntanleg skýrsla frá aðilum vinnumarkaðarins muni geyma dýpri umfjöllun.**

*Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar.*

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur sagt að skýrsla aðila vinnumarkaðarins, sem boðuð hefur verið í apríl, muni engin áhrif hafa á ákvörðun ríkisstjórnarinnar um áframhald viðræðna.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagðist í samtali við fréttastofu eiga erfitt með að sjá fyrir sér áframhald á viðræðum. „Þegar í hlut eiga tveir flokkar sem báðir eru andvígir inngöngu í Evrópusambandið, þá sé ég ekki fyrir mér að það sé yfirhöfuð hægt að vinna með þá niðurstöðu að það eigi halda viðræðunum áfram.“

**- eb, - þj** / sjá síðu 6 og 8



**GLÆSILEGIR FULLTRÚAR** Helga María Vilhjálmsdóttir og Erla Ásgeirsdóttir kepptu í stórsvigi kvenna á Vetraraólympíuleikunum í Sotsjí í gær. Þær kláruðu báðar ferðir sínar en Helga María endaði í 46. sæti og Erla í 52. sæti af þeim 74 keppendum sem voru skráðir til leiks. Í dag er keppt í stórsvigi karla og þar á Ísland tvo keppendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dýrasti bollinn í New York:

# Lakkríslatté á 794 krónur

**MATUR** Rut Hermannsdóttir býður upp á dýrasta kaffidrykk New York-borgar. Hún er meðeigandi í Búðinni, verslun og kaffibar, sem var opnuð í Brooklyn á föstudaginn. Um að er að ræða svokallaðan lakkríslatté með sérinnfluttu lakkríssírópi og lakkrísdufti frá danska framleiðandanum Johan Bülow. Drykkurinn kostar sjö dollara, eða 794 krónur. Rut segir viðtökurnar framar vonum og hefur hún ekki undan að svara fyrirspurnum um drykkinn. „Við tökum stöðugt við sjónvarpsstöðvum og fjölmiðlum. NBC kemur í dag og Al Jazeera er að biðja um viðtal. Sem er auðvitað alveg frábær kynning fyrir okkur.“



RUT HERMANNSDÓTTIR

**- áp** / sjá síðu 26




Til greina kemur að banna reykingar í bílum þar sem börn eru farþegar:

# Förum kannski að dæmi Breta

**TÓBAKSVARNIR** Mögulegt bann við reykingum í bílum þar sem börn eru með í för er hluti af því sem skoðað er í tengslum við nýja opinbera stefnumótun í tóbaksvörnum. Embætti Landlæknis vinnur að stefnumótuninni, ásamt velferðarráðuneytinu og fleirum. Stutt er síðan breska þingið samþykkti slíkt bann með miklum meirihluta. Stefnumótuninni hér á að ljúka í vor og kemur þá í ljós hvort lagðar verði til svipaðar breytingar.



VIÐAR JENSSON

„Við höfum fylgst með því í gegnum okkar norræna samstarf sem er að gerast í öðrum löndum eins og í Finnlandi og í Bretlandi,“ segir Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá embætti Landlæknis. „Finnar hafa reynt að koma þessu í gegnum þingið en þeim varð ekki ágengt í fyrstu tilraun.“

Viðar bendir á að reykur úr sígarettum í lokuðu rými á borð við bíl sé ellefu sinnum eitraðri en í opnu rými eins og á veitinga- eða skemmtistað. „Mig langar til að benda á þessa alþjóðasamninga sem við höfum samþykkt eins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar segir að forráðamenn barna eigi að bera ábyrgð á að þau séu ekki í skaðlegu umhverfi,“ segir hann og áréttar um leið að í alþjóðarammasamningi um tóbaksvarnir, sem hér hafi verið fullgiltur 2005, sé viðurkennt að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti staðfest að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun.

➜ Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

*Úr lögum um tóbaksvarnir.*

Að sögn Viðars er Bretland fyrsta vestræna ríkið sem samþykkir lög á landsvísu um bann við reykingum í bílum þar sem börn eru með í för. „Svæði í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu hafa tekið þetta upp. Ástralar og Kanadamenn hafa alltaf verið svolítið á undan í tóbaksvarnarmálum.“

**- fb**



## SPURNING DAGSINS



Eva Dís, ætlið þið að hjóla í þetta mál?

**„Já, það er vonin að gera það í sumar ef tími gefst.“**

Eva Dís Þórðardóttir og Gísli Rafn Guðmundsson hlutu nýsköpunarverðlaunin fyrir verkefnið Hjólaleiðir á Íslandi. Þar leggja þau til að skráð verði hjólaleið um Suðurland.

Frumvarp um breytingar á lögum hvað varðar rafrænt námsefni er í vinnslu:

# Verðið myndi lækka verulega

**MENNTUN** Heiðar Ingi Svansson, framkvæmdastjóri Iðnú og Iðnmenntar, telur að hægt verði að lækka verð á námsefni framhaldsskólanema verulega ef og þegar það verður fáanlegt í auknum mæli í rafrænu formi í framtíðinni.



HEIÐAR INGI SVANSSON

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði á ársfundi Iðnmenntar að frumvarp til breytinga á lögum um framhaldsskóla væri í vinnslu hvað varðar rafrænt námsefni.

„Ef ríkið býr til lagaumhverfi fyrir okkur gætum við hugsanlega innheimt fyrir námsgögn með skólagjöldum til nemenda,“ segir Heiðar Ingi og telur að verðið gæti lækkað um 30 til 40 prósent. „Í slíku viðskiptaumhverfi þurfum við ekki að hafa áhyggjur af ólöglegu niðurhali. Þá erum við að tala um verulega lækkun á verði námsgagna til nemenda.“

Í frumvarpinu um framhaldsskólana er gert ráð fyrir „að skólum verði heimilt, með sérstöku leyfi ráðherra, að innheimta gjald fyrir rafrænt efni sem þeir ákveða að nýta í kennslu. Gert er ráð fyrir því að ráðherra veiti skólum slíka heimild í tilraunaskyni í takmarkaðan tíma fyrir tilteknar námsgreinar.“

Heiðar Ingi segir að fari frumvarpið tiltölulega fljótt í gegnum þingið ætti Iðnmennt að geta hafið tilraunaútgáfu næsta haust. **- fb**

Mikill fjöldi fíkniefnamála:

# Sérstakt eftirlit í miðbænum

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega 50 fíkniefnamál hafa komið til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum dögum. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að hald hafi meðal annars verið lagt á amfetamín, e-töflur, kókaín og MDMA. Karlar á þrítugsaldri komu oftast við sögu og flest málanna áttu sér stað í miðborginni.

Lögreglan hélt úti sérstöku eftirliti um síðustu helgi og voru nokkrir fíkniefnasalar handteknir. **- skó**



**Í VIÐTALI** Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands. NORDICPHOTOS/AFP

Framganga þótti ósmekkleg:

# Sökuð um embættisglæpi

**TAÍLAND, AP Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, verður hugsanlega kærð fyrir embættisglæpi. Spillingareftirlitið í Taílandi sakar forsætisráðherrann um að hafa gengið ósmekklega fram við niðurgreiðslur til hrísgrjónabænda. Ríkisstjórnin hafði skuldbundið sig til að selja hrísgrjónin á verði sem er langt fyrir ofan markaðsverð en var mörgum mánuðum of sein að borga bændum fyrir hrísgrjónin.**

**Ef ákveðið verður að vísa hugsanlegri ákæru um embættisglæpi til öldungadeildar þingsins verður Yingluck tafarlaust látin víkja frá störfum þar til dómur fæst í málinu.** **- ue**

Breytingar valda óvissu:

# Verðbólguhorfur gætu versnað

**STJÓRNMÁL** Verðbólguhorfur munu versna ef dregið verður úr sjálfstæði Seðlabankans og bankastjórum fjölgað. Þetta kemur fram á vef IFS-greiningar. Yfirlýsingar forsætisráðherra í þættinum Sunnudagsmorgni í Ríkissjónvarpinu um að hann vilji að Seðlabankinn taki upp aðra vaxtastefnu og að til greina komi að fjölga seðlabankastjórum hafi ýtt undir óvissu hvað varðar verðbólguhorfur.

Þá segir að tíð skipti á seðlabankastjórum geti verið vísbending um að sjálfstæði bankans sé takmarkað. **- hks**

Gagnrýndu aðgerðaleysi:

# Þörf á hraðari uppbyggingu

**REYKJAVÍK** „850 bíða eftir félagslegu húsnæði, 250 eftir þjónustuíbúðum,“ sagði Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, á borgarstjórnarfundi í gær. Bara hafi fjölgað um 75 íbúðir Félagsbústaða á kjörtímabilinu. Hún og Kjartan Magnússon, einnig borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, gagnrýndu litla uppbyggingu í húsnæðismálum. **- skó**



ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR

# Hjólreiðagarpar sem greiða úr skuldum

Fjórir vinnufélagar hjá Umboðsmanni skuldara hjóla í vinnuna á hverjum morgni, sama hvernig viðrar. Þeir fóru í eftirminnilega hjólreiðaferð um Evrópu í fyrra.

**ÚTIVIST** Félagarnir Haukur Snær Hauksson, Andrés Júlíus Ólafsson, Svavar Svavarsson og Ólafur Þórisson, sem allir starfa hjá Umboðsmanni skuldara í Reykjavík, hjóla í vinnuna á hverjum einasta morgni, sama hvernig viðrar. Samanlagt eru fimmtíu starfsmenn á vinnustaðnum.

„Við komum flestir ferlega langt að,“ segir Haukur Snær um hjólreiðahópinn, sem ferðast þó í sitt hvoru lagi í vinnuna. Hann býr í Norðlingaholti og hjólar tíu kílómetra hvora leið. Svavar býr í miðbæ Hafnarfjarðar, Andrés Júlíus í Kársnesi í Kópavogi og Ólafur í Kórahverfinu en áður hjólaði hann frá Völlunum í Hafnarfirði.

„Við höfum farið síðustu sumur í hjólreiðaferðir, til dæmis í Hvalfjörð og á Þingvelli. Við erum tveir á svipuðum aldri, ég og Ólafur sem erum rúmlega þrítugir. Svo eru þarna tveir karlar, rúmlega fimmtugir, og við drífum þá áfram,“ segir Haukur Snær í léttum dúr.

Síðasta sumar fóru þeir í sautján daga hjólreiðaferð um Evrópu þar sem svalandi mjöður var drukkinn á helstu áningarstöðunum. Með í för var Ágúst, bróðir Hauks.

Saman hjóluðu þeir í gegnum sex lönd á 1.500 kílómetra leið sinni frá Berlín til Mílanó. „Það var mikið drukkið af bjór. Við hjóluðum í Þýskalandi og Tékklandi, sem eru mikil bjórlönd, og fórum líka í gegnum Liechtenstein, Sviss og Austurríki og enduðum svo á Ítalíu. Þetta var mjög gaman.“

Aðspurður segist Haukur hafa byrjað að hjóla fyrir alvöru fyrir fjórum árum vegna hnémeiðsla eftir áralanga fótboltaiðkun.



**Á HJÓLUNUM** Frá vinstri: Svavar Svavarsson, Andrés Júlíus Ólafsson, Ólafur Þórisson og Haukur Snær Hauksson starfa saman hjá Umboðsmanni skuldara. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**LEIÐ HAUKS Á RUNKEEPER**

„Mig vantaði nýja hreyfingu sem færi ekki illa með hnén. Það var líka bara einn bíll á heimilinu og þarna gat maður slegið tvær flugur í einu höggi og sparað pening.“

Hann hjólar í gegnum Elliðaárdal og Fossvog í Kringlu 1 þar sem Umboðsmaður skuldara er til húsa. Aðeins einu sinni á þessum fjórum árum hefur hann lent í óhappi, eða þegar hann lenti í árekstri við annað hjól. „Ég endaði uppi á spítala en sem betur fer var ekkert brotið,“ segir hjólreiðagarpurinn og mælir eindregið með þessum ferðamáta. **freyr@frettabladid.is**

### ➜ Sextán hringvegir á fjórum árum

Haukur Snær hefur skráð kílómetrafjöldann sem hann hefur hjólað samviskusamlega niður. Fyrst notaði hann til þess mæli á hjólinu en undanfarið hefur hann notað smáforritið Runkeeper sem skráir kílómetrafjöldann. Samanlagt jafngildir þetta um sextán og hálfum hringvegi en hringvegurinn sjálfur er 1.322 kílómetra langur.

**➜ Heildarfjöldi í km**

| Ár | Km |
|---|---|
| 2010 | 3.139,0 |
| 2011 | 6.173,8 |
| 2012 | 5.894,7 |
| 2013 | 6.756,7 |
| Samtals km | **21.964,1** |




Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, vísar ummælum á bug:

# Neita ekki að afhenda gögn

**MÁLSÓKN** Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, segir það af og frá að fyrirtækið neiti að afhenda gögn vegna fyrirhugaðrar hópmálsóknar Málsóknarfélagsins gegn fyrirtækinu.

Skúli Sveinsson hjá Málsóknarfélaginu hélt því fram í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið vildi bara afhenda núverandi viðskiptamönnum gögn.

„Frá því að það var brotist hér inn höfum við markvisst unnið að því að koma gögnum til þeirra sem hafa óskað eftir gögnum sem tengjast símanúmerum þeirra sjálfra,“ segir Hrannar. „Við verðum að sjálfsögðu að gera það með réttum hætti og eingöngu að láta umbeðnar upplýsingar í hendur rétthafa hvers númers. Það er einfalt fyrir okkur að staðreyna hver er skráður rétthafi þeirra símanúmera sem við erum að þjónusta. En við höfum ekki upplýsingar um skráða rétthafa númera hjá öðrum símafyrirtækjum þannig að við erum háðir upplýsingum frá þeim varðandi það,“ bætir hann við.

Hrannar segir Vodafone því þurfa að óska eftir staðfestingu um rétthafa þaðan og að almennt hafi fyrirtækin brugðist vel við. „En það eru þó nokkur tilvik þar sem símafélag hefur ekki svarað erindum okkar þrátt fyrir ítrekanir.“ Aðspurður segir hann þær fyrirspurnir vera allt að nokkurra vikna gamlar. **- fb**




**HRANNAR PÉTURSSON** Upplýsingafulltrúi Vodafone segir fyrirtækið hafa óskað eftir upplýsingum frá öðrum símafyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


NOTAÐIR BÍLAR
MIKIÐ ÚRVAL
Gerðu betri bílakaup!
Komdu!
GÓÐIR AFSLÆTTIR
og
ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN
Á VÖLDUM BÍLUM*
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 4.190.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.660.000 kr.
Í ábyrgð
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
80% FJÁRMÖGNUN
Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Focus Trend Edition ONK73
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.
Í ábyrgð
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 990.000 kr.
Ford Focus Ghia Wagon YJ899
Skráður apríl 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 166.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
80% FJÁRMÖGNUN
Tilboð: 2.590.000 kr.
Citroën C4 Comfort SNZ90
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Escape XLT AWD PMM87
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 77.000 km.
Ásett verð: 3.480.000 kr.
FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
80% FJÁRMÖGNUN
Tilboð: 1.990.000 kr.
Citroën C3 Seduction ZPY30
Skráður maí 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 33.000 km.
Ásett verð: 2.190. 000 kr.
Í ábyrgð
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 1.390.000 kr.
Skoda Octavia Ambiente LI505
Skráður apríl 2007, 1,9TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 215.000 km.
Ásett verð: 1.590.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 1.540.000 kr.
Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
80% FJÁRMÖGNUN
Tilboð: 2.590.000 kr.
Mazda3 Advance VYL56
Skráður mars 2013, 1,6TDi dísil, beinsk.
Ekinn 25.000 km.
Ásett verð: 2.830.000 kr.
Í ábyrgð
BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 2.290.000 kr.
Ford Edge SEL Plus AWD SIS80
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 1.990.000 kr.
Citroën C8 SX DAL57
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
80% FJÁRMÖGNUN
Tilboð: 1.940.000 kr.
Ford Fiesta Trend MUE42
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.
Í ábyrgð
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 1.790.000 kr.
Hyundai i20 Classic LVB51
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 1.940.000 kr.
GÓÐUR AFSLÁTTUR!
Tilboð: 1.290.000 kr.
Toyota Prius EXE NV358
Skráður okt. 2005, 1,6i hybrid/bensín, sjálfsk.
Ekinn 96.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.
Í ábyrgð
Verð: 2.690.000 kr.
Ford Escape Limited AWD RZE50
Skráður sept. 2008, 3,0Di bensín, sjálfsk.
Ekinn 79.000 km.
Fylgstu með á
FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!
ÞARFTU 100% FJÁRMÖGNUN?
HAFÐU SAMBAND VIÐ RÁÐGJAFA OG FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER Í BOÐI.
VIÐ TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ
Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði. Sýndu okkur bílinn þinn og við gerum þér tilboð í milligjöf. Engin skuldbinding.
Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á
*Kaskótrygging er forsenda fyrir fjármögnun ásamt því að lántaki standist lánshæfis- eða greiðslumat.

## SVONA ERUM VIÐ



**125** **karlar hafa frá árinu 1904 gegnt ráðherraembætti en 24 konur.**

**Ráðherrar sem ekki hafa verið kjörnir alþingismenn eru alls 8. Kjörnir fulltrúar sem tóku aldrei sæti á Alþingi eru 10.**

Nýtt launaflsvirki Landsnets tekið í notkun á Grundartangasvæðinu:

# Geta flutt meiri orku á svæðið

**IÐNAÐUR** Nýtt launaflsvirki Landsnets á Klafastöðum við Grundartanga var formlega tekið í notkun þegar Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra spennusetti virkið í gær.

Í tilkynningu frá Landsneti segir að þetta sé stærsta einstaka verkefni Landsnets á liðnum árum og heildarkostnaður við verkefnið hafi numið rúmum tveimur milljörðum króna. „Launaflsvirkið bætir verulega rekstur raforkuflutningskerfis Landsnets, eykur afhendingaröryggi og gerir Landsneti kleift að flytja meiri orku inn á Grundartangasvæðið.“

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir áhuga hjá bæði núverandi notendum og nýjum aðilum á að fá afhenta meiri orku á Grundartanga. „Við höfum ekki fyrr en nú verið í stakk búin til að sinna þeim óskum.“

Uppsetning launaflsvirkisins er fyrsta skrefið í endurskipulagningu orkuafhendingar Landsnets á Grundartanga. - skó



**GANGSETNING** Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra spennusetti nýtt launaflsvirki Landsnets við Grundartanga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný frumvörp um jafnrétti:

# Jöfn meðferð á vinnumarkaði

**FÉLAGSMÁL** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur lagt fram drög að þremur lagafrumvörpum. Eitt fjallar um skipulag stjórnsýslu sem á að gilda á sviði jafnréttismála. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að ein stofnun taki yfir verkefni Jafnréttisstofu, Fjölmenningarseturs og Réttindagæslu fatlaðs fólks. Annað fjallar um að allir fái jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna og það þriðja um jafna meðferð á vinnumarkaði. - jme



**AFTÖKUKLEFI** Útbúnaður fyrir aftökusveit í ríkisfangelsinu í Draper í Utah. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ESB truflar dauðarefsingar:

## Framkvæmdin er í uppnámi

**BANDARÍKIN, AP** Í Bandaríkjunum hefur lengi verið skortur á lyfjum sem notuð eru til að taka dauðadæmda fanga af lífi. Ástæðan er einkum að Evrópusambandið hefur í níu ár bannað útflutning á vörum sem notaðar eru við aftökur. Fyrir vikið hefur hvert ríki Bandaríkjanna af öðru tekið að velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að grípa til annarra og gamalkunnugra ráða þegar taka á fólk af lífi. - gb

Vilja að ríki og bær kaupi:

## Reynt að greiða úr skuldavanda

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum að reyna að greiða úr skuldavandanum,“ segir Guðjón Magnússon, formaður stjórnar hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi. Ríkið yfirtók rekstur heimilisins til eins árs um áramót. Skuldir upp á tæpar 300 milljónir króna voru skildar eftir hjá sjálfseignarstofnuninni sem á Sunnuhlíð.

„Við erum með aðstoð banka að semja við skuldunautana um frystingar á lánum, framlengingu og svo framvegis,“ segir Guðjón. Eignir nemi rúmum milljarði.

Guðjón segir stjórnina nú vilja hefja viðræður við ríki og Kópavogsbæ um kaup á eignum Sunnuhlíðar. - jme

# Sveitarstjóri segir andstöðu íbúa byggða á misskilningi

„Að okkar mati er um ákveðinn misskilning að ræða sem ber að leiðrétta,“ segir sveitarstjóri Rangárþings eystra um mótmæli íbúa við Markarfljót vegna lengingar garðs sem leiðir ána lengra í austurátt.

**UMHVERFISMÁL** „Með því að veita Markarfljóti með þessum hætti til austurs teljum við að verið sé að setja lönd og byggð í mikla hættu,“ segir í bréfi íbúa austan Markarfljóts sem mótmæla fyrirhugaðri lengingu varnargarðs vestan megin árinnar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur með fyrirvara samþykkt ósk Vegagerðarinnar um að leiðigarðurinn verði lengdur um 250 metra. Tilgangurinn er að beina sandburði úr Markarfljóti frá Landeyjahöfn.

Íbúarnir segjast ekki hafa séð afgerandi rök fyrir því að leiðigarðurinn geri nokkurt gagn varðandi Landeyjahöfn. „Síðustu mánuði hefur aðalfarvegur Markarfljóts sótt austur neðan brúar og lagst að Seljalandsgarðinum sem hefur látið á sjá,“ segja íbúarnir og útskýra að sandur sé farinn að fylla farveginn þannig að hluti fljótsins renni austur. Þekkt sé að klakastíflur myndist í Markarfljóti og það skapi hættu á að vatn leiti til austurs.

„Teljum við nauðsyn að fá varnargarð austan megin við Markarfljót til varnar byggðinni,“ segja íbúarnir sem gagnrýna jafnframt að ekkert samráð hafi verið haft við landeigendur og íbúa á svæðinu um það að lenging varnargarðsins skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Mótmælunum fylgja 52 undirskriftir sem Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri segir ekki aðeins vera frá þeim bæjum sem eigi land að Markarfljóti.

„Að okkar mati er um ákveðinn misskilning að ræða sem ber að leiðrétta,“ segir í bréfi sem Ísólfur Gylfi sendir mótmælendunum fyrir sína hönd og skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Þar er undirstrikað að skipulagsnefnd og síðar sveitarstjórn setji þau skilyrði fyrir lengingu garðsins að framkvæmdin sé samþykkt af landeigendum og Fiskistofu. Þess utan sé ítrekuð sú skoðun að Markarfljót verði stokkað af með varnargörðum allt niður að ósi austan megin fljótsins.

Þá er í bréfinu til íbúanna bent á umsögn Skipulagsstofnunar um málið.

„Niðurstaða stofnunarinnar er sú að megináhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum vegna færslu óss Markarfljóts til austurs, að hvorki sé líklegt að um verði að ræða neikvæð áhrif vegna landbrots upp með farvegi fljótsins eða að ósinn muni færast lengra í austur en ætlað er með tilkomu garðsins,“ segja sveitarstjórinn og byggingarfulltrúinn.

gar@frettabladid.is



**MARKARFLJÓT OG LANDEYJAHÖFN** Íbúar austan Markarfljóts óttast að fyrirhuguð lenging varnargarðs vestan megin árinnar ógni byggð. Samráð við íbúa hafi skort. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON.**

> **Síðustu mánuði hefur aðalfarvegur Markarfljóts sótt austur neðan brúar og lagst að Seljalandsgarðinum sem hefur látið á sjá**
>
> *Íbúar við Markarfljót.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HVASST NÆSTU DAGA** Í dag má búast við stormi eða roki við S- og SA-ströndina en það lægir tímabundið í kvöld. Á morgun hvessir á ný SA-til og á föstudaginn verður heldur hægari vindur en þó strekkingur á annesjum og allhvast á Vestfjörðum.




**Á morgun**
Stormur við S- og SA-ströndina.




**Föstudagur**
5-10 m/s en hvassara á annesjum.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Berlín | 10° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 20° | New York | 7° | París | 12° |
| Aþena | 20° | Billund | 7° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 28° | San Francisco | 15° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 16° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | 1° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Með þjóðarviljann að vopni – Hagsmunaárekstrar við breytingar á stjórnarskránni árið 1944
skráningarfrestur til 3. mars

Saga fatnaðar frá fornþjóðum til vorra daga með stuttu ívafi um byggingar, húsgögn og myndlist
skráningarfrestur til 4. mars

Hver stýrir þessu skipi? – Ferjan í Borgarleikhúsinu
skráningarfrestur til 4. mars

Draumar – auður svefnsins
skráningarfrestur til 4. mars

Þjóðgarðurinn í Cinque Terre
skráningarfrestur til 11. mars

Eyðurmerkurstríðið
skráningarfrestur til 18. mars

Sálarrannsóknir, spíritismi og guðspeki á Íslandi
skráningarfrestur til 19. mars

### PERSÓNULEG HÆFNI

Ljósmyndaforritið Gimp – notaðu forritið sem er frítt!
skráningarfrestur til 25. febrúar

Vönduð íslenska – Að skrifa gott íslenskt mál
skráningarfrestur til 25. febrúar

Lærðu að yrkja limru
skráningarfrestur til 3. mars

Samskipti foreldra og barna
skráningarfrestur til 3. mars

Jákvæð sálfræði og styrkleikaþjálfun (Coaching) – Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt
skráningarfrestur til 4. mars

Hugþjálfun – leið til árangurs
skráningarfrestur til 10. mars

Þáttagerð í útvarpi
skráningarfrestur til 17. mars

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið
skráningarfrestur til 19. mars

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

A hybrid trans-diagnostic and specific CBT approach to „Medically Unexplained Symptoms“ (MUS): Masterclass
skráningarfrestur til 21. febrúar

Er sjálfræðið í hættu þegar 67 ára aldri er náð?
skráningarfrestur til 14. mars

Eden hugmyndafræðin – spennandi valkostur í öldrunarþjónustu
skráningarfrestur til 18. mars

### UPPLÝSINGATÆKNI

SharePoint fyrir byrjendur
hefst 27. febrúar

ISTQB Advanced Test Management
skráningarfrestur til 3. mars

Kanban í upplýsingatækni
skráningarfrestur til 13. mars

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Stjórnun og leiðtogahæfni – í anda þjónandi forystu
skráningarfrestur til 27. febrúar

Stefnumótun, vald- og verkefnadreifing
skráningarfrestur til 3. mars

Arðsemi í mannauðsstjórnun
skráningarfrestur til 5. mars

Hugmynda- og aðferðarfræði gæða- og straumlínustjórnunar
skráningarfrestur til 12. mars

Umbótastarf með aðferðum gæða- og straumlínustjórnunar
skráningarfrestur til 13. mars

Grunnatriði stjórnarsetur – hagnýtt námskeið fyrir nýja og verðandi stjórnarmenn fyrirtækja
skráningarfrestur til 17. mars

### STARFSTENGD HÆFNI

Inngangur að greiningu ferla og ferlastjórnun
skráningarfrestur til 24. febrúar

Orkustjórnun: Leið til að hámarka afköst þín og árangur
skráningarfrestur til 26. febrúar

Textagerð og hugmyndavinna fyrir auglýsingar
skráningarfrestur til 3. mars

Lykillinn að gæðaþjónustu
skráningarfrestur til 10. mars

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
skráningarfrestur til 12. mars

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 20. mars

### TUNGUMÁL

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 26. febrúar

Kínverska II: framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 3. mars

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 18. mars

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 4. mars

Gerð rekstraráætlana
skráningarfrestur til 6. mars

Sjóðstreymi – vanmetnasti kafli ársreikningsins
skráningarfrestur til 6. mars

Arðsemismat verkefna – reiknilíkön í Excel
skráningarfrestur til 10. mars

### UPPELDI OG KENNSLA

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
skráningarfrestur til 10. mars

Kvíði barna og unglinga - fagnámskeið
skráningarfrestur til 14. mars

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

SKÝRSLA UM AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS VIÐ ESB

# Undanþágurnar fáar en fáanlegar

**Hagfræðistofnun Háskóla Íslands kynnti í gær skýrslu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB og þróun sambandsins. Engin bein tilmæli er að finna í skýrslunni um hvert framhald viðræðnanna ætti að verða, en þar er meðal annars farið yfir möguleika á sérlausnum.**



Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

**EVRÓPUMÁL** Í aðildarsamningum nýrra ríkja í ESB er lagalega unnt að kveða á um undanþágur, þrátt fyrir að sambandið leggi alltaf fram þá meginreglu í aðildarviðræðum að umsóknarríki gangi að regluverki sambandsins óbreyttu. Frá þessu eru almennt aðeins veittar tímabundnar undanþágur sem eru hugsaðar sem aðlögunartími. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB og þróun sambandsins sem gefin var út í gær og verður rædd á Alþingi í dag.

Engar varanlegar undanþágur sem slíkar er að finna á sviðum landbúnaðar og sjávarútvegs í fyrri aðildarsamningum, en tímabundnar undanþágur hafa verið gefnar og er gildistími þeirra misjafn og umsemjanlegur.

Þá hafi ESB breytt reglum sínum í þágu einstakra aðildarríkja, meðal annars um innanlandsstuðning Svía og Finna til landbúnaðar á harðbýlum svæðum norðan 62. breiddargráðu og um vernd fiskistofna í Miðjarðarhafi, sem sniðin var að þörfum Möltu.

> ➜ Meðal þess sem fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar Íslands um stöðu aðildarviðræðna landsins við Evrópusambandið er að þótt í fyrri samningum við lönd sé hvergi að finna varanlegar undanþágur á sviðum landbúnaðar og sjávarútvegs séu dæmi um tímabundnar undanþágur. Þá hafi sambandið breytt reglum sínum í þágu einstakra aðildarríkja, svo sem reglum um stuðning Svía og Finna til landbúnaðar á harðbýlum svæðum norðan 62. breiddargráðu.

Þær breytingar eru þó breytingum háðar eins og önnur lög sambandsins.

Í skýrslunni segir að erfitt geti reynst að ná fram varanlegum undanþágum frá reglum, sérstaklega varðandi landbúnað og sjávarútveg, en „[s]é keppt að slíku markmiði í aðildarviðræðum verður að kveða á um allar slíkar undanþágur með mjög skýrum hætti ef tryggja á að þær haldi.“




## Helstu atriði úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

### Staða umsóknarferlisins

- Stækkunarferlið nú er mun strangara en áður tíðkaðist.
- Erfitt hefði verið, miðað við framvinduskýrslur ESB, að semja út frá meirihlutaáliti utanríkismálanefndar Alþingis, meðal annars um formlegt forræði yfir sjávarauðlindum, takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila og forsvar á alþjóðavettvangi.
- Reynsla annarra þjóða sýnir að erfitt hefur verið að ná varanlegum undanþágum frá sameiginlegri stefnu ESB.
- Óheppilegt er, við mat á stöðu viðræðnanna, að ekki hafi tekist að opna þá sex samningskafla sem stóðu út af þegar hlé var gert á viðræðunum, sérstaklega þá fjóra þar sem ekki hafði verið lokið við gerð samningsafstöðu, þar sem þar hefði verið tekið á ýmsum álitamálum.

### Laga- og stofnanaþróun ESB

- Fleiri málaflokkar falla undir venjulega málsmeðferð og aukinn og endurskilgreindan meirihluta í ráðherraráðinu.
- Völd Evrópuþingsins hafa farið vaxandi, bæði í löggjöf, fjárlögum, gerð alþjóðlegra samninga og skipun framkvæmdastjórnarinnar.
- ESB hefur leitast við að mæta kröfu um aukið lýðræði til handa íbúum og það er styrkt með tilkomu Lissabonsáttmálans. Auk þess hafa áhrif þjóðþinga farið vaxandi til að vinna upp meintan lýðræðishalla og nálægðarreglan verið útfærð frekar, en hún kveður á um að ákvörðun sé tekin sem næst þeim sem hún snertir.

### Staða og horfur í efnahagsmálum ESB

- Spár gera ráð fyrir að hagvöxtur í ESB næstu ár verði lægri en í Bandaríkjunum. Þó getur vöxtur verið afar mismunandi frá einu landi til annars.
- Verðbólga er misjöfn milli landa, en munurinn fer minnkandi. Verðbólga er meiri hér á landi og spár gera ráð fyrir að svo verði áfram.
- Löndum ESB hefur gengið misjafnlega að uppfylla Maastricht-skilyrðin svokölluðu um afgang af rekstri og skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Færa má rök fyrir því að evran sem sameiginlegur gjaldmiðill hafi lækkað viðskiptakostnað og leitt til betri samkeppnishæfni fyrirtækja. Lækkun vaxta hefur líka almennt haft jákvæð áhrif á fjárfestingar og neyslu. Vegna þessa hefur verið áætlað að verg framleiðsla á evrusvæðinu hafi verið um 330 milljörðum meiri árið 2010 en ella.
- Stóra vandamál evrusvæðisins er óleyst. Hagþróun ríkjanna er ólík og sameiginleg mynt bindur hendur einstakra ríkja til að bregðast við þróun efnahagsmála. Þá hefur reynst erfitt að samræma ríkisfjármál og hjálpa þeim ríkjum sem standa illa.
- Til að leysa þau vandamál má hugsa sér að gripið verði til þess að auka samráð milli ríkja sem gæti takmarkað ákvörðunarvald landa yfir eigin fjármálum.

### Sjávarútvegsmál

- Með breytingum á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB er lögð áhersla á svæðisbundna stjórnun og aukna ákvarðanatöku í héraði. Aðildarþjóðir fá þar frjálsari hendur en áður til að ákveða hvernig markmiðum kerfisins er náð. Markmiðin og ákvörðun um heildarafla liggur enn hjá ESB.
- Í skýrslunni segir að ESB sé að nálgast íslenska kerfið með reglubreytingunum.
- Fátt bendir til þess að varanlegar undanþágur fáist vegna fjárfestingar útlendinga og kaupa á aflaheimildum, auk þess sem samningsumboð vegna skiptingar úr flökkustofnum færist til ESB, þó alltaf sé þar leitað samráðs við aðildarríki. Loks verður heildarafli ákveðinn á vettvangi ESB þrátt fyrir að Ísland væri skilgreint sem sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði.
- Ísland fengi nær örugglega ekki undanþágu frá banni við hvalveiðum.
- Hingað til hefur gengið erfiðlega að fá varanlegar undanþágur frá sjávarútvegsstefnunni. Hins vegar hafa fengist tímabundnar undanþágur og í sumum tilfellum, til dæmis hjá Möltu, hafa fengist fram breytingar á löggjöf ESB áður en til inngöngu kemur.

### Landbúnaðarmál

- Ný sameiginleg landbúnaðarstefna var fullgerð á síðasta ári og samþykkt í upphafi þessa árs.
- Stefnt er að minni markaðsafskiptum í landbúnaðarkerfinu sem og meiri byggðaáherslum í sambandi við umhverfismarkmið ESB.
- Stuðningur við landbúnað hér á landi er meiri en gerist í styrkjakerfi ESB. Aðildarríki hafa rétt á að styrkja landbúnað á harðbýlum svæðum.
- Embættismenn ESB sögðust ekki sjá fyrir óleysanleg vandamál og þó ekki væri hægt að semja um undanþágu frá niðurfellingu tollverndar hefði mátt ræða hvernig væri hægt að bæta innlendum framleiðendum upp tapið af afnámi tollanna.
- Í opnunarviðmiðum ESB var sérstaklega tekið fram að taka bæri tillit til sérstöðu íslensks landbúnaðar.

weber Hágæða flotefni í Múrbúðinni



Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm 2.495
Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm 3.795
Weberfloor 4310 Trefjastyrkt flotefni 5-50mm 2.795
Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot 5.690
Weberfloor 4350 Flotefni fyrir 20-80 mm 2.190
Deka Acryl grunnur 1kg 1.225 5kg 4.590

Munið 5% Pallaafsláttinn
Leitið tilboða í meira magn.
MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

SKÝRSLA UM AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS VIÐ ESB

# Hver les skýrsluna með sínu nefi

Utanríkisráðherra segir ekki þurfa ESB til þess að hér verði haldið áfram uppbyggingu. Þingmenn úr Sjálfstæðisflokki, Bjartri framtíð og Samfylkingu hafna því að ekkert sé að semja um við ESB. Formaður Heimssýnar segir ljóst að grundvöllur aðildarviðræðna sér brostinn.



## → Þurfum ekki ESB

„Við þurfum ekki á Evrópusambandinu að halda til að halda áfram uppbyggingu okkar hér," sagði **Gunnar Bragi Sveinsson** utanríkisráðherra.

Þá sagði hann skýrsluna sem aðilar vinnumarkaðarins létu gera ekki hafa nokkur áhrif á endanlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ESB. „Enda er sú skýrsla pöntuð af fylgjendum ESB." - sój

## → Sérkennilegt að ekki sé hægt að semja



„Svona fyrstu viðbrögð virðast vera þau að við hefðum ekki getað samið um eitt eða neitt og hefðum þurft að taka upp allt sem gildir innan ESB," segir **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks. „Ég á eftir að lesa hvað liggur að baki, en mér finnst þetta harla sérkennilegt." Áhersla hafi verið lögð á lögsögu yfir fiskistofnunum. „Það var svona sá steinn sem hefði getað steytt á," bendir Ragnheiður á. - eb



## → Engin fullnægjandi svör án samnings

„Varðandi efni skýrslunnar þá er þetta við fyrstu sýn ágætlega vönduð skýrsla og við munum leggjast yfir efni hennar og kynna okkur það vel. En af fyrsta yfirlestri má ráða að það eru fjölmörg álitaefni sem erfitt er að fá fullnægjandi svar við nema einfaldlega með niðurstöðu samnings," segir **Þorsteinn Víglundsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Þorsteinn lýsir furðu sinni á ummælum utanríkisráðherra sem segir skýrslu sem aðilar vinnumarkaðarins standa að hafa verið pantaða af Evrópusinnum. „Ég treysti því að það gildi það sama um Hagfræðistofnun og Alþjóðamálastofnun, að þarna sé um hlutlausa úttekt að ræða, enda sjálfstæðar háskólastofnanir sem er í báðum tilvikum falið að skila hlutlausum skýrslum," segir Þorsteinn. -eb

## → Skýrslan sannar lögfræðileg rök

„Ég er mjög ánægð með skýrsluna. Hún sannar lögfræðilega grunninn að því, sem ég og fleiri hafa sagt, að það var aldrei raunhæft að fara þessa leið inn í Evrópusambandið og halda að við færum þarna inn á undanþágum," segir **Vigdís Hauksdóttir**, þingkona Framsóknarflokksins og formaður Heimssýnar. Varðandi undanþágur sem önnur ríki líkt og Finnland hafa fengið segir hún þær eingöngu vera tímabundnar. „Í tilviki Finnlands fær ríkið heimild til að styrkja sinn landbúnað, sem fullvalda ríki getur hvort eð er leyft. Það er ekki undanþága," segir hún.

Vigdís segir skýrslu Hagfræðistofnunar jafnframt staðfesta að grundvöllur aðildarviðræðna sé brostinn. „Sama ár og sótt var um var samþykkt breyting á Lissabonsáttmálanum og því um allt annað Evrópusamband að ræða," segir hún. Búið sé að eyða miklum peningum og orku í málið sem sé sorglegt. Um framhaldið segir hún að þingið muni ræða skýrsluna og metið verði í framhaldinu hvernig brugðist verður við. - eb





## → Kolrangt að ekkert sé til að semja um

„Í þessum Evrópumálum hefur brunnið við að hver og einn reyni að segja sína sögu. Ég vil vara mjög við því ef það á að reyna að segja Íslendingum að það sé ekkert til að semja um. Það er kolrangt," segir **Guðmundur Steingrímsson**, formaður Bjartrar framtíðar. Hann bendir á að ef það væri ekkert að semja um, væru allir aðildarsamningar eins. „Og þeir eru ekki eins. Ef ekkert væri til að semja um væri alveg eins hægt að taka samninginn við Króatíu og bera hann undir atkvæði hér."

Guðmundur segir dæmi vera um mjög afgerandi undanþágur. „Til dæmis eru Danir ekki með evru. Síðan eru líka sérlausnir, enda allar þjóðir með einhverja sérstöðu. Sérstaða Íslands er augljós. Við erum eina ríkið sem byggir svona mikið á sjávarútvegi og veiðir að stórum hluta til úr stofnun sem enginn annar veiðir úr. Þannig að það er ákaflega líklegt að það yrði að sníða sérlausn utan um það." - eb



## → Ekkert sem mælir gegn viðræðum

„Ekkert í þessari skýrslu mælir gegn því að aðildarviðræðum verði haldið áfram," sagði **Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingarinnar.

Hann sagði höfuðvanda Íslands, samkvæmt skýrslunni, vera að hlé hefði verið gert á viðræðunum áður en samningsafstaða í landbúnaði og sjávarútvegi lá fyrir. - eb

## → Æfur yfir leka

„Ef stjórnarflokkarnir eru að gera einhliða skýrslur og vilja hafa einhliða málflutning af þessu tagi er þá ekki rétt að slíkar skýrslur séu teknar til umræðu í Valhöll og Kaupfélagi Skagfirðinga, fremur en hér, á hinu háa Alþingi?" sagði **Helgi Hjörvar**, þingmaður Samfylkingarinnar.



Hann var æfur vegna þess að skýrsla Hagfræðistofnunar um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið hafi lekið í fjölmiðla. - kak


zero Emission

NISSAN
Innovation that excites



GERÐUR FYRIR ÍSLAND

Nissan EURO LEAF er sem hannaður fyrir íslenskar aðstæður

- **5 ára ábyrgð á rafhlöðu**
- Upphituð rafhlaða fyrir örugga drægni á köldum dögum
- **Aðgangur að hleðslustöðum Orku náttúrunnar**
- Funheitur bíll á hverjum morgni með íslausum rúðum
- Öll sæti upphituð auk hita í stýri
- 5,8" snertiskjár með bakkmyndavél
- **Fullkomnasta rafbílaverkstæði landsins og aðgangur að sérþjálfuðum starfsmönnum fyrir NISSAN EURO LEAF rafbíla**

VERÐLÆKKUN!

Nissan EURO LEAF
VERÐ 4.690 ÞÚS. KR.

ENNEMM / SÍA / NM61463

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

5 YEAR WARRANTY 100 000 KM BATTERY AND ALL EV COMPONENTS

NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Fjölskyldan saman í vetrarfríi




## Dagskrá frístundamiðstöðva borgarinnar

### Ársel - Árbær og Grafarholt
**Fimmtudagur 20. febrúar**
- kl. 13.00-16.00 Ratleikurí Leirdal

**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 13.00-16.00 Ratleikur í Björnslundi.

### Gufunesbær - Grafarvogur
**Fimmtudagur 20. febrúar**
- kl. 10.00-12.00 Klifur í turninum við Hlöðuna.
- kl. 11.00 Ratleikur. Verðlaun í boði.
- kl. 11.00-12.00 Kósístund í lundinum við Gufunesbæ, kakó og eldstæði.
- kl. 13.00 Útileikar Gufunesbæjar fyrir alla fjölskylduna.

**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 13.00-15.00 Árlegt vetrarleyfisskákmót Skákakademíu Reykjavíkur og Gufunesbæjar í Hlöðunni. Fyrir grunnskólanema í 1.-7. bekk.

### Frostaskjól - Vesturbær
**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 13.00-14.30 Þrautabraut í íþróttasal KR, karnival og svaka stuð.
- kl. 14.30-16.00 Kaffihús með opnum hljóðnema. Láttu ljós þitt skína.
- kl. 16.00-17.00 Sundlaugastuð; tónlist undir vatni, skemmtilegir leikir og ljósmyndasýning í sundlaug Vesturbæjar.

### Kringlumýri - Laugardalur og Háaleiti
**Fimmtudagur 20. febrúar**
- kl.12.30-15.00 Fjölskyldudagskrá í Kringlumýri Safamýri 28. Farið í ýmsa leiki og boðið upp á skylmingar- og sverðasmiðju. Við varðeld verða grillaðir sykurpúðar.

### Kampur - Miðborg og Hlíðar
**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 14.00-16.00 Óhefðbundin og ókeypis sundveisla í Sundhöll Reykjavíkur. Stökkbrettakeppni, fjársjóðsleit, grillaðar pylsur og tónlist.

### Miðberg – Breiðholt
**fimmtudagur 20. febrúar**
- kl. 13.00-16.00 Wipe-out braut og diskófjör í Breiðholtslaug og aftur kl. 19.30-21.30.

**Frítt verður fyrir fjölskyldur grunnskólabarna í sundlaugar Reykjavíkur kl. 13.00-16.00 í vetrarfríi grunnskólanna.**

## Menning fyrir alla

### Fjölskyldu og húsdýragarðurinn
Þrautir um líffræðilega fjölbreytni um allan garð. Ókeypis í hringekju. www.mu.is

### Landnámssýningin
**Fimmtudagur 20. og föstudagur 21. febrúar**

Leiksvæði Freyju fornleifafræðings og ratleikur með rúnum fyrir alla fjölskylduna.
www.minjasafnreykjavikur.is

### Menningarmiðstöðin Gerðuberg
**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 14.00 *Þetta vilja börnin sjá!* Fjölskylduleiðsögn.

**Laugardagur 22. febrúar**
- kl. 14.00 *Café Lingua* – Albönsk tunga og menning.

**Sunnudagur 23. febrúar**
- kl. 14.00-16.00 *Óradrög* – Bjarni Ólafur Magnússon myndlistarmaður veitir gestum á öllum aldri leiðsögn.

www.gerduberg.is

### Víkin Sjóminjasafn
**Fimmtudagur 20. og föstudagur 21. febrúar.**
- kl. 11.00-17.00 Skuggalegur ratleikur fyrir fjölskylduna.
- kl. 13.00 *Þrælkun, þroski, þrá?* Fjölskylduleiðsögn um ljósmyndasýningu sem sýnir börn við vinnu til sjós og landi á árunum 1930-1950.
- kl. 15.00 *Velkomin um borð!* Fjölskylduleiðsögn í Varðskipinu Óðni.

www.sjominjasafn.is

### Borgarbókasafn
Í söfnum Borgarbókasafns er áhersla lögð á hugarleikfimi, snerpu og sköpunarkraft. Boðið verður upp á borðspil, föndur, ljóðagerð, bingó, sögustundir á mörgum tungumálum og fullt af lestrarfóðri fyrir alla aldurshópa.
www.borgarbokasafn.is.

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Salur: *Betur sjá augu.*
Ljósmyndun Íslenskra kvenna 1872-2013.
Skotið: Elo Vázquez, Behind.
Kubburinn: Vincent Malassis, Petites Pauses.
www.ljosmyndasafn.is

### Listasafn Reykjavikur
**Hafnarhús**

*Augnablik - staður til að staðnæmast,* sérhannað rými fyrir yngstu safngestina.

### Kjarvalsstaðir
**Föstudagur 21. febrúar**
- kl. 13.00-16.00 *Hugmyndasmiðja* - Berglind Jóna Hlynsdóttir leiðir námskeið um vörumerki og lógó.

www.listasafnreykjavikur.is

**Fullorðnir fá frítt í fylgd með börnum á Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalstaði, Ásmundarsafn, Árbæjarsafn, Landnámssýninguna í Aðalstræti og Víkina -Sjóminjasafn**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI NOTAÐIR

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is / notaðir bílar.

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

HYUNDAI Nr. 130621


PORSCHE CAYENNE S
Árgerð 2007, ekinn 73 þús.
bensín, sjálfskiptur
~~Verð 6.390.000~~
TILBOÐSVERÐ
5.490 þús.

HYUNDAI Nr. 120353


KIA SPORTAGE EX 4x4
Árgerð 2013, ekinn 37 þús.
dísil, sjálfskiptur
~~Verð 5.590.000~~
TILBOÐSVERÐ:
5.150.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120346


NISSAN QASHQAI SE
Árgerð 2013, ekinn 35 þús.
bensín, sjálfskiptur
~~Verð 5.190.000~~
TILBOÐSVERÐ:
4.890.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120349


TOYOTA YARIS TERRA
Árgerð 2013, ekinn 45 þús.
bensín, beinskiptur
~~Verð 2.590.000~~
TILBOÐSVERÐ:
2.350.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120340


Hyundai i10 GL
Árgerð 2011, ekinn 82 þús.
bensín, beinskiptur
~~Verð 1.190.000~~
TILBOÐSVERÐ:
990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 141644


HYUNDAI GETZ GLS
Árgerð 2008, ekinn 87 þús.
bensín, beinskiptur
~~Verð 1.290.000~~
TILBOÐSVERÐ:
990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 130782


TOYOTA PRIUS HYBRID
Árgerð 2011, ekinn 22 þús.
bensín, sjálfskiptur
~~Verð 3.950.000~~
TILBOÐSVERÐ:
3.590.000 kr.

HYUNDAI
Kauptúni 1
Sími 575 1200

# Læsi er óháð þjóðfélagsstöðu nemenda

**Hvergi í heiminum er jafn mikill jöfnuður í skólakerfinu og á Íslandi og í Finnlandi. Í þessum löndum er lítill munur á skólum en mikill munur á getu nemenda innan hvers skóla. Í Hollandi og Ungverjalandi er þessu þveröfugt farið.**

**SKÓLAMÁL** „Ísland og Finnland hafa algera sérstöðu þegar kemur að jöfnuði í skólakerfinu,“ segir Óskar Níelsson, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun. Hann segir að þetta sé eitt af því sem komi mjög skýrt fram í PISA-könnuninni sem birt var í desember.

„Það eru nánast engin tengsl á milli læsis og þjóðfélagsstöðu nemenda,“ segir hann.

Í PISA-könnuninni kemur meðal annars fram að hér á landi ríkir mikill jöfnuður í tækifærum grunnskólanemenda til menntunar nánast óháð þjóðfélagsstöðu foreldra.

Þegar litið er á allt landið skýrir þjóðfélagsstaða heimilis 7,7 prósent af breytileika í læsi nemenda á stærðfræði, 6,3 prósent af breytileika í lesskilningi og 7,5 prósent af breytileika í læsi á náttúrufræði. Tengsl milli þjóðfélagsstöðu og læsis sé helst að finna í skólum á höfuðborgarsvæðinu en þau tengsl séu mjög lítil í alþjóðlegu samhengi.

Mæling OECD á þjóðfélagsstöðu samanstendur af þremur þáttum, virðingarstöðu starfs foreldra, menntunarstigi foreldra og efnahag þeirra.

Í PISA-könnuninni voru nemendur spurðir um störf foreldra sinna og eðli starfanna og það skoðað í tengslum við frammistöðu þeirra á prófinu.

Í Hollandi, Ungverjalandi, Belgíu og Tyrklandi er mikill munur á skólum en lítill munur á getu nemenda innan skóla. „Frammistaða nemendanna í þessum löndum skýrist frekar af þjóðfélagsstöðu foreldranna en öðrum þáttum,“ segir Óskar og bendir á að þessu sé þveröfugt farið í Finnlandi og á Íslandi.

Þar sé lítill munur á milli skóla en mikill munur á getu nemenda innan hvers skóla. Þjóðfélagsstaða foreldranna í þessum löndum hafi lítið að segja um frammistöðu nemendanna í PISA-könnuninni.



**PISA** Samkvæmt könnuninni er hér lítil fylgni á milli þjóðfélagsstöðu nemenda og frammistöðu þeirra í stærðfræði, lestri og náttúrufræði. FRÉTTABLAÐIÐ /VILHELM

## Líkir skólar og ólíkir nemendur

Í PISA-könnuninni kemur fram að jöfnuður milli grunnskóla hér á landi er með því mesta sem gerist í heiminum, aðeins Finnar standa sig betur. Þetta þýðir að skólarnir eru svipaðir en getustig nemenda innan hvers skóla mismunandi. Í hverjum skóla eru mjög góðir nemendur en líka slakir. Norðurlöndin raða sér í efstu sæti þessa lista sem lítur svona út: Finnland, Ísland, Svíþjóð, Noregur og Danmörk.

Á hinum endanum eru svo þjóðir þar sem skólarnir eru ólíkir. Þar er mikill munur á milli skóla en getustig nemendanna innan hvers skóla er svipað, það er nemendur í hverjum skóla standa sig annaðhvort vel eða illa. Mesti munurinn er í Hollandi, þá kemur Ungverjaland, Belgía, Tyrkland og Slóvenía.

Fyrir OECD-ríkin í heild skýrir þjóðfélagsstaða foreldra 14,6 prósent af breytileika í læsi nemenda á stærðfræði og hvergi innan OECD er hlutfallið lægra en á Íslandi, eða 8,8 prósent. „Mitt persónulega mat er því að við séum að standa okkur einna best í heiminum hvað varðar jöfnuð til náms,“ segir Óskar.

johanna@frettabladid

> **Mitt persónulega mat er því að við séum að standa okkur einna best í heiminum hvað varðar jöfnuð til náms.**
>
> *Óskar Níelsson, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun.*

24 ÁRA
STARFSAFMÆLI SEM FISKSALI
ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI
1.590 kr.kg
LAXAFLÖK
ÞORSKHNAKKAR
BLEIKJUFLÖK
RAUÐSPRETTUFLÖK
GELLUR
KEILUSTEIKUR
LÖNGUSTEIKUR
SALTFISKUR
ÝSUFLÖK
OG ALLIR FISKRÉTTIR
NÝ VERSLUN HÖFÐABAKKI 1
VERIÐ VELKOMIN

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA
Fiskikóngurinn
www.fiskikongurinn.is
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

# Þúsundir réðust til atlögu gegn þinginu

Enn á ný sauð upp úr á milli mótmælenda og lögreglu í Kænugarði í gær. Undir kvöld höfðu átökin kostað að minnsta kosti fjóra lífið. Vitalí Klitsjkó sagði þolinmæði mótmælenda á þrotum: Janúkovítsj forseti yrði að segja af sér strax.

**ÚKRAÍNA, AP** Hörð átök brutust út milli mótmælenda og lögreglu í Kænugarði í gær. Lögreglan beitti bæði gúmmíkúlum og rafstuðbyssum gegn þúsundum manna sem reyndu að komast inn í þinghúsið.

Átökin þar kostuðu að minnsta kosti þrjá mótmælendur lífið. Að auki kostuðu átök við skrifstofur stjórnarflokksins einn mann lífið, þegar mótmælendur og lögregla tókust þar á. Tugir lögreglumanna og á annað hundrað mótmælenda eru særðir.

Tiltölulega rólegt hafði verið í borginni síðustu daga, þótt mótmælendur hafi haldið sig úti á götum og haft nokkrar opinberar byggingar á valdi sínu.

Á mánudag yfirgáfu mótmælendur síðan opinberar byggingar, bæði í Kænugarði og víðar um land, en í staðinn féllust stjórnvöld á allsherjar sakaruppgjöf.

Vitalí Klitsjkó, einn af helstu leiðtogum mótmælenda, sagði þolinmæði þeirra hins vegar á þrotum í gær. Viktor Janúkovítsj forsætisráðherra þyrfti að fallast á breytingar á stjórnskipan landsins og segja af sér án tafar. „Við erum að tala um mínútur, ekki klukkustundir,“ sagði Klitsjkó við fjölmiðla.



**ÁTÖK Í ÚKRAÍNU** Mótmælendur settu forseta úrslitafrest, en lögregla setti mótmælendum úrslitafrest á móti. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan sagði á móti að mótmælendur fengju fárra klukkustunda frest til að hætta átökum. Að öðrum kosti myndu stjórnvöld sjá til þess að koma á reglu í borginni á ný.

Olena Lúkasj dómsmálaráðherra, náinn samstarfsmaður Janúkovítsj forseta, sakaði mótmælendur um að hafa rofið samkomulag við stjórnvöld. Leiðtogar mótmælenda voru sagðir bera alla ábyrgð á átökunum.

Óttast var að átökin myndu harðna um allan helming þegar líða tæki á kvöldið og nóttina.

Mótmælendur vilja bæði afsögn forsætisráðherrans og afturhvarf til stjórnarskrárinnar frá 2004, sem breytt var árið 2010 til að gefa forseta landsins meiri völd.

Ásakanir hafa gengið á víxl milli Evrópusambandsins og Rússlands. Hvorir tveggja saka hina um afskipti af ástandinu, sem hafi gert illt verra.

Rússneska utanríkisráðuneytið sagði í gær að þessi nýja hrina ofbeldis væri bein afleiðing af því að vestrænir stjórnmálamenn og evrópskar stofnanir hefðu lokað augum sínum fyrir árásum róttækra afla í Úkraínu.

gudsteinn@frettabladid.is

Eþíópískur flugræningi reyndist vera í uppnámi:

# Syrgði látinn ættingja

**ADDIS ABBABA, AP** Eþíópíski flugræninginn, sem lenti vél á leið til Rómar í Genf, missti frænda sinn nýlega. Þetta kemur fram í viðtölum við fjölskyldu hans. Annar frændi hans segir að flugræninginn, sem heitir Hailemedhin Abera, hafi verið í miklu tilfinningalegu uppnámi eftir dauða frændans fyrir rúmum mánuði.

Hailemedhin var að sögn vanur því að hringja í fjölskyldumeðlimi áður en hann fór í flug, en eftir að frændi hans dó hætti hann því og fjarlægðist fjölskylduna.

- ue




**FLUGRÁN AÐ BAKI** Lögreglumenn leiða farþega frá borði. NORDICPHOTOS/AFP





SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km

114g — $CO_2$ frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is

Skýrsla Hagfræðistofnunar breytir litlu:

# Stóru spurningunum ósvarað

Skýrsla Hagfræðistofnunar um stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið og þróun þess er, eins og við var að búast, ekkert tímamótaplagg. Þar kemur ekkert nýtt fram um viðfangsefnið, þótt gagnlegt sé að fyrirliggjandi fróðleikur og staðreyndir séu dregnar saman.

Bæði andstæðingar og fylgjendur þess að Ísland klári aðildarviðræðurnar við ESB geta því sótt sér röksemdir í skýrsluna. Andstæðingarnir eru byrjaðir að gera sér mat úr því að skýrsluhöfundar telji að erfitt geti verið að ná fram varanlegum undanþágum frá sjávarútvegs- eða landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Að sama skapi geta fylgjendurnir bent á þau fordæmi sem rakin eru í skýrslunni um að löggjöf Evrópusambandsins sé breytt til að koma til móts við hagsmuni nýrra aðildarríkja, eins og gert var þegar sérstök lausn um „heimskautalandbúnað“ var samþykkt fyrir Svíþjóð og Finnland og sérlausn í sjávarútvegi fyrir Möltu.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Svo geta menn bent á margítrekaðar yfirlýsingar ESB um að „aðild Íslands að ESB myndi hafa veruleg áhrif á sameiginlegu fiskveiðistefnuna“, eins og framkvæmdastjórnin orðaði það 2010 þegar hún mælti með að viðræður við Ísland yrðu hafnar, og að ríkur pólitískur vilji sé fyrir að finna lausn sem taki tillit til sérstöðu Íslands. Það má líka hafa í huga að ekkert ríki, sem hefur samið við ESB, hefur átt jafnríkra hagsmuna að gæta í sjávarútvegi. ESB hefur engan hag af því að gera aðildarsamning sem gengur gegn grundvallarhagsmunum nýs aðildarríkis.

En þetta er umræða sem hefur farið fram áður og mun sjálfsagt halda áfram. Kjarni málsins hér er að skýrslan svarar alls ekki til dæmis þeirri spurningu hvort Ísland gæti fengið sérlausnir í sjávarútvegs- eða landbúnaðarmálum. Skýrsluhöfundar segja beinlínis að það sé erfitt að meta, af því að viðræður um þessi mál voru ekki hafnar og samningsafstaða Íslands lá ekki fyrir þegar gert var hlé á viðræðunum. Eina leiðin til að fá svar við þeirri spurningu er að klára aðildarviðræðurnar.

Skýrslan svarar því síður fleiri stórum spurningum á borð við það hvaða kosti Ísland á í gjaldmiðilsmálum, ef tvíhliða upptaka evrunnar verður útilokuð með því að slíta aðildarviðræðunum og skella dyrunum að ESB í lás.

Skýrsla Hagfræðistofnunar er ekki heldur neinn Salómonsdómur um stofnana- eða efnahagsþróun í ESB. Þar er raunar komizt að þeirri niðurstöðu að aðildarríkin séu fullvalda og verið sé að vinna gegn meintum lýðræðishalla, sem kemur sjálfsagt einhverjum á óvart hér í fullkomna lýðræðisríkinu með óskerta fullveldið. Og það verður heldur ekki séð að efnahagslíf í ESB stefni lóðbeint til glötunar, sem líka gæti komið á óvart í sumum afkimum íslenzkrar Evrópuumræðu.

Á heildina litið er skýrsla Hagfræðistofnunar alltént alls ekki rökstuðningur fyrir því að eina leiðin í málinu sé að slíta aðildarviðræðunum. Hún inniheldur miklu fremur rök fyrir því að halda eigi aðildarferlinu áfram, með það að markmiði að íslenzka þjóðin geti fengið að sjá hvað er í boði. Til þess þarf að sjálfsögðu að stefna að aðild að Evrópusambandinu. En þjóðin á síðasta orðið – og fordæmin sýna að svarið getur orðið bæði já og nei.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova**
**Styrkir vegna starfsársins 2014**

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist. Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk til að panta tónverk og skal styrkfjárhæðin aðeins notuð til þess. Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

**Í umsókn skal taka fram:**
- höfund tónverks
- tímalengd verks
- flytjendur
- hljóðfæraskipan
- áætlaða tímasetningu frumflutnings
- upphæð sem sótt er um

Þá skal fylgja fjárhagsáætlun verkefnisins sem og ferilskrá umsækjanda (flytjanda/tónleikahaldara)

**Umsóknir berist til:**
Nýsköpunarsjóðs tónlistar – Musica Nova
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

**Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 3. mars 2014 (póststimpill gildir)**

**Nýsköpunarsjóður tónlistar er styrktur af** Reykjavíkurborg

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Heimsmarkaðsvernd fyrir fisksala**

Guðbjörg Glóð Logadóttir, fisksali í Fylgifiskum, gerir ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um heimsmarkaðsvernd á matvælum að umræðuefni á Facebook-síðu sinni. Ekki kannast Guðbjörg Glóð við að fisksalar eða bjórframleiðendur njóti þessarar verndar. „Gengið hrundi og fiskverð flaug upp úr öllu valdi. Frábært fyrir útflutninginn og íslensku þjóðina en þungur baggi fyrir fisksala og íslenska neytendur,“ segir hún og bætir við að Fylgifiskar kaupi innlendan bjór til að styrkja innlenda framleiðslu en bjórframleiðendur þurfi að greiða tolla og gjöld.



„Ég auglýsi hér með eftir „heimsmarkaðsvernd“ fyrir íslenska fisksala og bjórframleiðendur. Svona af því hún virðist vera í boði fyrir „alla matvælaframleiðendur í heiminum“ ef marka má æðsta mann þjóðarinnar,“ segir Guðbjörg Glóð.

**Pantaða skýrslan**

Ríkisstjórn Íslands sem er á móti aðild Íslands að Evrópusambandinu pantaði skýrslu um stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og tekur fullt mark á því sem í henni stendur. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa fengið Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands til að gera úttekt á Evrópusambandinu og aðildarviðræðunum og er skýrsla væntanleg innan skamms. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var spurður hvort hann ætlaði að skoða þá skýrslu áður en hann tekur endanlega ákvörðun varðandi Evrópusambandið. „Ég get ekki séð að sú skýrsla hafi nokkur áhrif á það sem við erum að gera enda er sú skýrsla pöntuð af fylgjendum ESB,“ sagði ráðherrann. Greinilega ekki sama hver pantar hvar.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sækjum fram í sameiningu

VERSLUN



**Margrét Kristmannsdóttir**
Formaður Samtaka verslunar og þjónustu

Íslenskur landbúnaður framleiðir mikið af gæðavöru sem á fullt erindi á aðra markaði. Nægir þar að nefna skyrið og lambakjötið – afurðir sem eru þekktar fyrir hollustu og gæði. Bændur í öðrum löndum, ekki síst í ýmsum löndum Evrópu, framleiða ekki síður gæðavörur sem eftirsóttar eru annars staðar en á þeirra heimamarkaði. Vörur sem bændur í öðrum löndum geta oft ekki framleitt.

Nú hafa um hríð staðið yfir tvíhliða viðræður við Evrópusambandið um aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar landbúnaðarvörur inn á Evrópumarkað. Erfitt er að átta sig á því hvar þær viðræður standa, en íslensk stjórnvöld vonast til að þeim ljúki á næstu mánuðum. Eins og aðrar sambærilegar viðræður ganga þær út á gagnkvæm viðskipti, þ.e. að í staðinn fyrir aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar landbúnaðarvörur inn á Evrópumarkað verði opnað fyrir aukinn aðgang evrópskra landbúnaðarvara til Íslands. Flestir hljóta að sjá sanngirnina í því.

**Allir vinna**

Ekki verður betur séð en að hér sé um að ræða mál sem íslenskur landbúnaður og íslensk verslun eigi að beita sér fyrir í sameiningu og með miklum þunga. Greinilegt er að neytendur eru víða sólgnir í íslenska skyrið og það ætti því að vera sameiginlegt kappsmál að gefa sem flestum neytendum í Evrópu kost á að njóta þess. Á sama hátt er augljóst að íslenskir neytendur eru sólgnir í ýmiskonar erlendar landbúnaðarafurðir, sem ekki er möguleiki á að framleiða hér á landi. Hér er því eftirspurn á báða bóga sem á að bregðast við.

**➜ Þeir sem hræðast breytingar hafa iðulega teflt íslenskum landbúnaði og íslenskri verslun fram sem andstæðingum.**

Þeir sem hræðast breytingar hafa iðulega teflt íslenskum landbúnaði og íslenskri verslun fram sem andstæðingum, sem er af og frá. Því þó verslunin vilji, eins og fleiri, sjá breytingar á núverandi landbúnaðarkerfi vill hún hag heföbundins landbúnaðar sem mestan.

Sameiginlegt hagsmunamál okkar er að auka tollkvóta í báðar áttir og hér á landbúnaðurinn og verslunin að sækja fram í sameiningu og þrýsta á stjórnvöld. Ef rétt er á málum haldið er langlíklegast að niðurstaðan verði hagfelld fyrir landbúnaðinn, verslunina en ekki síst íslenska neytendur.

Svo maður sletti – en þó ekki skyrinu, „win- win“ fyrir alla aðila.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ofurtollaðar mjólkurvörur á ofurverðum

NEYTENDAMÁL



Þórólfur Matthíasson
Prófessor í hagfræði við HÍ

**➜ Ekki verður með nokkru móti séð að verðlagningarregla verðlagsnefndar búvara sé frábrugðin þeirri verðlagningu sem risarnir á mjólkurmarkaðnum myndu beita væru þeir einráðir um verðlagninguna.**

Tvö fyrirtæki bera höfuð og herðar yfir önnur í mjólkuriðnaðinum, hafa einkasölustöðu í skjóli ofurtolla. Verðlagning mjólkurvöru er undanþegin samkeppnislögum. Verð á neyslumjólk, smjöri, ostum og undanrennudufti er sett undir svokallaða verðlagsnefnd búvara. Væntanlega er þeirri nefnd ætlað að koma í veg fyrir að vinnslustöðvarnar misbeiti stöðu sinni á mjólkurmarkaðnum. Skoðum það.

**Verðlagning undanrennudufts**

Undanrennuduft er mikilvægt hráefni í matvæla- og sælgætisiðnaði. Þann 18. september 2013 ákvað verðlagsnefnd búvara verð á undanrennudufti. Litlir aðilar á mjólkurmarkaði, sem framleiða vörur sem eru í samkeppni við risana, þurfa að borga 758 krónur á kílóið. Sælgætisframleiðendur og aðrir matvælaframleiðendur sem ekki eru í beinni samkeppni við risana á markaðnum borga aðeins 645 krónur á kílóið.

Undanrennuduft flutt frá Evrópu til Íslands myndi kosta um 520 krónur á kílóið á hafnarbakkanum áður en það yrði tollað. Með ofurtollum kostar kílóið af undanrennuduftinu 754 krónur, eða nákvæmlega nógu mikið til að það borgi sig ekki fyrir aðila í samkeppni við mjólkurrisana að flytja það inn!

Tilviljun? Varla!

**Verðlagning osta**

Ostur er ekki jafn stöðluð vara og undanrennuduft. Því er verðsamanburður erfiður. Kúabændur bera gjarnan saman verð á 45% osti og á Cheddar-osti, en auðvelt er að nálgast uppboðsmarkaðsverð fyrir þann ost.

Gildandi heildsöluverð verðlagsnefndarinnar á 45% osti er 1.146 krónur á kílóið. Innfluttur Cheddar frá Evrópu myndi kosta 622 krónur kílóið á hafnarbakkanum í Reykjavík. Eftir tollafgreiðslu væri kílóverðið hins vegar orðið 100% hærra, eða um 1.238 krónur, eða akkúrat nógu hátt til að það borgi sig alls ekki fyrir innflutningsaðila að fara í samkeppni við mjólkurrisana.

Tilviljun? Varla!

**Verðlagning smjörs**

Smjör hefur langt geymsluþol og er stöðluð vara rétt eins og undanrennuduft. Sem neysluvara hefur smjör óheppilega eiginleika vegna efnasamsetningar og vegna þess hversu hart það er við ísskápshitastig. Margir nota þess vegna feiti unna úr jurtaolíum í stað smjörs.

Eftirspurn eftir smjöri er þess vegna mjög næm fyrir verðbreytingum. Þetta setur sitt mark á verðlagninguna! Verðlagsnefndin hefur ákveðið að smjör skuli kosta 624 krónur kílóið. Það er talsvert lægra verð en ótollað innflutt smjör myndi kosta nú.

Með tollum væri verð á innfluttu smjöri 1.514 krónur kílóið, eða 140% hærra en ótollað smjör! Við verðlagningu á smjöri hefur verðlagsnefndin væntanlega í huga að heildsöluverð á viðbiti úr sojaafurðum er 300-500 krónur kílóið.

Tilviljun? Varla!

**Verðlagning rjóma**

Í grein í Fréttablaðinu 15.1. 2014 sýndi ég að rjómalítrinn ætti að kosta 250-300 krónur sé miðað við heildsöluverð smjörs.

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið að heildsöluverð rjóma skuli vera 624 krónur.

Tilviljun? Varla!

**Verðlagningarregla verðlagsnefndar búvara**

Verðlagsnefnd búvara virðist fylgja þeirri reglu við ákvörðun heildsöluverðs mjólkurvöru að halda verði hverrar afurðar eins háu og markaðurinn leyfir hverju sinni. Og ofurtollafyrirkomulagið gefur býsna mikið svigrúm fyrir vörur á borð við undanrennuduft, rjóma og ost, en minna fyrir smjör!

Séu tölur skoðaðar aftur í tímann helst þetta mynstur. Verð á innlendu undanrennudufti og innlendum ostum er nálægt því verði sem væri á samskonar ofurtolluðum innfluttum varningi.

Verð á smjöri er 10-25% hærra en verð á viðbiti úr jurtaolíum. Verð á rjóma er í hæstu hæðum. Ekki verður með nokkru móti séð að verðlagningarregla verðlagsnefndar búvara sé frábrugðin þeirri verðlagningu sem risarnir á mjólkurmarkaðnum myndu beita væru þeir einráðir um verðlagninguna.

Stór samtök launþega eiga fulltrúa í verðlagsnefndinni. Þessir fulltrúar sitja stundum hjá þegar verð mjólkurvöru er hækkað. En sú hjáseta stök markar ekki stefnu! Mjólkurrisarnir hafa sýnilega haft sitt fram og hafa þvingað verð á mjólkurvöru í hæstu hæðir.

NÝHERJI

AÐALFUNDUR NÝHERJA HF. 2014

Föstudaginn 14. mars kl. 16.00
í ráðstefnusal félagsins Borgartúni 37

Dagskrá fundarins

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.13. gr. í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Tillaga um framlengingu heimildar stjórnar til aukningar hlutafjár, skv. 15.1. gr. í samþykktum félagsins.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að tilkynna málið á dagskrá sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 7. mars 2014. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:
a) veitt öðrum skriflegt umboð
b) greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur stjórnar eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 28. febrúar 2014, kl. 16.00. Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 7. mars 2014, kl. 16.00. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á www.nyherji.is.

Reykjavík, 18. febrúar 2014.
Stjórn Nýherja hf.

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • www.nyherji.is

ENNEMM / SÍA / NM47668

vinnustofan.is // 012014



Sigrún Ýr Árnadóttir
Vöru- og viðskiptastjóri
@thekking

thekking.is

ÞEKKING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:
**460 3100 / sala@thekking.is**

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI
460 3100
THEKKING.IS

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

# ReykjavíkBarokk með háskólatónleika

## Fimmtu tónleikar tónleikaraðar Háskóla Íslands fara fram í kapellu skólans í dag.

„Við höfum æft mikið að undanförnu og hlökkum mikið til,“ segir Guðný Einarsdóttir organisti og semballeikari í kvennahópnum ReykjavíkBarokk sem kemur fram á tónleikum í dag. ReykjavíkBarokk flytur verk eftir Georg Philipp Telemann og Giovanni Battista Bononcini á háskólatónleikunum sem fram fara í kapellunni í aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Kvennahópurinn ReykjavíkBarokk var stofnaður árið 2012 og sérhæfir sig í flutningi á barokktónlist. „Við leggjum metnað okkar í að flytja tónlistina á upprunaleg hljóðfæri og til dæmis má nefna að ekki heyrist oft í barokkflautu og gömbu hér á landi,“ útskýrir Guðný.

Hópinn skipa þær Jóhanna Halldórsdóttir alt, Helga Aðalheiður Jónsdóttir blokkflauta, Magnea Árnadóttir barokkflauta, Diljá Sigursveinsdóttir og Íris Dögg Gísladóttir barokkfiðlur, Ólöf Sigursveinsdóttir barokkselló, Kristín Lárusdóttir, víóla da gamba, og Guðný Einarsdóttir semball.

„Við erum með háskólatónleika af og til hjá okkur en í vetur bjóðum við upp á sex tónleika og eru þetta fimmtu tónleikarnir í röðinni,“ segir Kristín Ása Einarsdóttir, viðburðastjóri Háskóla Íslands, um tónleikaröðina. Hún bætir við að kapella skólans sé einkar hljómfögur og taki um hundrað manns í sæti. „Það er mjög góður hljómburður í kapellunni og hlökkum við mikið til tónleikanna,“ segir Kristín Ása.

Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir eru velkomnir.

gunnarleo@frettabladid.is



**BAROKKTÓNLEIKAR** Kvennahópurinn ReykjavíkBarokk kemur fram á tónleikum í Háskóla Íslands í dag. MYND/EINKASAFN

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLFRÍÐUR STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR (DISTA)**
**Skúlagötu 20, 101 Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 15. febrúar 2014. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Tryggvi Gunnarsson** **Ragnhildur Ragnarsdóttir**
**Halldór Gunnarsson** **Selma Björk Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og systur,

**KRISTÍNAR EIRÍKSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar og deildar 21-A, Landspítalanum, fyrir einstaka umönnun í veikindum hennar.

**Guðjón Einarsson**
**Eiríkur Guðjónsson Wulcan** **Anna Wulcan**
**Anna Þ. Guðjónsdóttir**
**Kristín Eiríksdóttir** **Steinar Bragi Guðmundsson**
**Oddbergur Eiríksson**
**Ingibjörg Eiríksdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SOFFÍA VALGERÐUR EINARSDÓTTIR**
**Hjaltabakka 30, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir hinn 9. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 11.00.

**Einar Ingi Magnússon** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Gunnar Magnússon**
**Sigrún Magnúsdóttir** **Jón Helgason**
**Ása Magnúsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**JÓN RÓSBERG STEFÁNSSON**
**Furugerði 1, Reykjavík,**

lést 8. febrúar í faðmi ástvina. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁRNI BÁRÐUR GUÐMUNDSSON**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

sem lést miðvikudaginn 12. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 21. febrúar 2014 kl. 15.00.

**Guðný Árnadóttir** **Benedikt Jónsson**
**Guðmundur Rúnar Árnason** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




---



Ástkær frændi minn,

**JÓNAS VILHJÁLMSSON**
**bóndi, Ytri-Brekkum I, Skagafirði,**

lést miðvikudaginn 5. febrúar. Útför hans fer fram frá Hofsstaðakirkju laugardaginn 22. febrúar klukkan 14.00.

**F.h. aðstandenda,**
**María Grétarsdóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**UNNAR ZÓPHÓNÍASDÓTTUR**
**sjúkraliða,**
**Engjavegi 34, Selfossi.**

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks sem annaðist hana á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Landspítalanum.

**Hákon Halldórsson**
**Heiðrún Hákonardóttir** **Björn Þrastar Þórhallsson**
**Sverrir Hákonarson** **Sigþrúður Inga Jónsdóttir**
**Hörður Hákonarson** **Guðlaug Anna Gunnlaugsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA ANDREA LÁRUSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli,**
**áður Glaðheimum 12, Reykjavík,**

lést mánudaginn 10. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Unnur G. Stephensen** **Margeir R. Daníelsson**
**Haukur Harðarson** **Svanlaug D. Thorarensen**
**Hörður Harðarson** **Brynhildur Pétursdóttir**
**Kristján Sigurjónsson** **Dúna G. Magnúsdóttir**
**Helga Sigurjónsdóttir** **Guðrún Katla Henrysdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KARITASAR HALLDÓRSDÓTTUR**
**frá Vörum í Garði.**

Þökkum sérstaklega starfsfólki D-deildar HSS og Heimahjúkrunar fyrir yndislega umönnun og umhyggju, Knattspyrnufélaginu Víði, Kvenfélaginu Gefn, Slysavarnafélaginu Unu, Útfararþjónustu Suðurnesja, séra Sigurði Grétari, kór, organista og einsöngvara. Guð blessi ykkur.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristjana V. Einarsdóttir og fjölskylda.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR M. GESTSSON**
**verslunarmaður,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 20. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Hjartavernd. Innilegar þakkir til allra þeirra sem hafa sýnt okkur samúð og vinarhug.

**Bergþóra Bergþórsdóttir**
**Gestur Ó. Sigurðsson** **Björg H. Konráðsdóttir**
**Birgir Þ. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR JÓNU BERGSDÓTTUR**
**Bergstaðastræti 57, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Litlu-Grundar ásamt deild A-3 á Grund og annarra sem hafa komið að umönnun hennar.

**Anna Jóhanna Fish** **Bergljót Andrésdóttir**
**Mekkin Jóhanna** **Lísa Carol**
**Andrea Marjorie** **Guðrún Anna**
**Jóhanna Anne** **Lísa Marie**
**Shawn Michael** **Matthew Friðbert**
**Harper Andrés** **James Stewart**
**Johnathan Bergur**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**EINAR ERLENDSSON**
**Litlagerði 15, Hvolsvelli,**

varð bráðkvaddur laugardaginn 8. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Stórólfshvolskirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Rauða krossinn í Rangárvallasýslu.

**Helgi Sigurður Einarsson** **Mekkin Guðrún Bjarnadóttir**
**Anna Björk Magnúsdóttir** **Snorri Sævarsson**
**barnabörn og systkini.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÚLÍA JÓNSDÓTTIR**
**Klettahlíð 12, Hveragerði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 9. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valgerður Magnúsdóttir**






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. febrúar 2014 | 20. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN





**FLEIRI SEÐLA-BANKASTJÓRA?**

Forsætis- og fjármálaráðherrar gefa misvísandi skilaboð um fjölgun seðlabankastjóra. SÍÐA 4

## Um 5,3 milljónir tölva seldar

Sala á Playstation 4 (PS4) leikjatölvunni fer vel af stað og hafa selst um 5,3 milljónir eintaka. Leikjatölvan fer í sölu í Japan þann 22. febrúar næstkomandi en japanska fyrirtækið Sony framleiðir tölvuna og er eftirvæntingin því mikil þar í landi.

Sony gerði samkvæmt breska vefnum The Telegraph ráð fyrir að selja um fimm milljónir eintaka af PS4 fyrir lok mars. Með þessu áframhaldi telja sérfræðingar að Sony eigi eftir að ná tíu milljónum eintaka undir lok ársins.

Helsti keppinauturinn, Microsoft, hefur selt 3,9 milljónir eintaka af leikjatölvunni Xbox One. - sáp

## Spá hærri raunstýrivöxtum

Greining Íslandsbanka spáir því að raunstýrivextir verði mun hærri á þessu ári en þeir hafa að jafnaði verið frá árinu 2008. Nýjasta verðbólguspá og útreikningar bankans gera ráð fyrir ríflega þriggja prósenta raunstýrivöxtum að jafnaði á árinu. Árið 2013 voru vextirnir að jafnaði tvö prósent og tvö árin þar á undan voru þeir nálægt núlli.

„Hækkandi raunstýrivextir merkja að aðhaldið í peningastjórnuninni hafi aukist. Er nú svo komið að nær allur slakinn er horfinn úr peningastjórnuninni,“ segir í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær. - hg

## Vilja ekki Netflix í Frakklandi

Forstjórar stærstu einkareknu sjónvarpsstöðva Frakklands vilja að ríkið grípi í taumana svo að erlendir keppinautar komist ekki á þarlendan markað. Ástæðan er sú að Netflix og fleiri hyggjast bjóða upp á þjónustu sína þar í landi á næstu misserum. Forstjórar TF1, Canal+ og M6 hafa lýst yfir miklum áhyggjum og óskað eftir fundi með Aurelie Filipetti menningarmálaráðherra til að ræða aðkallandi aðgerðir til að endurskipuleggja geirann.

Segjast þeir hafa miklar áhyggjur af umróti sem hlotist geti af tilkomu nýrra aðila sem hafa verið leiðandi í að bjóða upp á afþreyingarefni heimshorna á milli. Þá gagnrýna þeir harðlega viðleitni þessara fyrirtækja til að lágmarka skattgreiðslur sínar, sem þeir segja vera fráleita. - js




## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 19. febrúar**
- Vinnumarkaður í janúar 2013
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

**Fimmtudagur 20. febrúar**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir mars 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni

**Föstudagur 21. febrúar**
- Mánaðarleg launavísitala í janúar 2014
- Greiðslujöfnunarvísitala í mars 2014
- Vísitala kaupmáttar launa í janúar 2014
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í janúar 2014

**Þriðjudagur 25. febrúar**
- Samræmd vísitala neysluverðs í janáur 2014
- Fiskiskipastóllinn í árslok 2013
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í janúar
- Ársuppgjör Vátryggingafélag Íslands hf. 2013
- Ársreikningur HS Orku 2013 birtur

**Miðvikudagur 29. febrúar**
- Nýskráningar og gjaldþrot í janúar 2014
- Ársuppgjör Fjarskipta 2013 birt

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**7 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**3 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** 13,5% frá áramótum

**REGINN** 3,5% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** -13,5% frá áramótum

**MAREL** -6,1% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | -8,5% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 248,50 | -5,2% | -2,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 29,00 | 6,4% | -3,5% |
| Hagar | 43,20 | 12,5% | 0,5% |
| Icelandair Group | 18,55 | 1,9% | -3,1% |
| Marel | 115,00 | -13,5% | -6,1% |
| N1 | 18,80 | -0,5% | 0,3% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 16,40 | 5,5% | 3,5% |
| Tryggingamiðstöðin | 30,10 | -6,1% | -1,6% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,56 | -2,1% | -0,8% |
| Össur | 260,00 | 13,5% | -2,6% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.229,15 | -2,4% | -2,8% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 14,00 | 5,7% | 0,0% |
| HB Grandi | 24,00 | 9,1% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti

Barnaheill Save the Children á Íslandi


Sameiningin gæti skilað Actavis plc um 1.700 milljarða króna ársveltu árið 2015:

# Kaupir Forest á 2.830 milljarða



**ACTAVIS** Kaupin eru háð samþykki yfirvalda og hluthafa. NORDICPHOTOS/AFP

Actavis plc, móðurfélag Actavis á Íslandi, hefur keypt bandaríska lyfjafyrirtækið Forest Laboratories fyrir 25 milljarða dala, sem svarar til rúmlega 2.830 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að kaupin gangi í gegn um mitt ár og að sameiginleg velta árið 2015 verði um fimmtán milljarðar dala, um 1.700 milljarðar króna. Sameiningin á ekki að hafa áhrif á starfsemi Actavis á Íslandi.

„Gangi kaupin í gegn, sameinast þau tvö lyfjafyrirtæki heims sem eru að vaxa hvað hraðast á sérlyfjasviði,“ segir í tilkynningu Actavis á Íslandi. Þar segir að lyfjum í þróun muni fjölga verulega.

Forest Laboratories er með höfuðstöðvar í New York í Bandaríkjunum og hefur sérhæft sig í sérlyfjum og frumlyfjum. Paul Bisaro, stjórnarformaður og forstjóri Actavis-samstæðunnar, mun leiða fyrirtækið áfram en Brent Saunders, forstjóri Forest Laboratories, tekur sæti í stjórn félagsins. - hg

# Kerfi Advania í flugmóðurskipum Breta

***Advania mun sjá um upplýsingakerfi bresku samtakanna NAAFI sem reka veitingastaði, verslanir og aðra þjónustu fyrir breska herinn. Samningurinn gæti skilað um einum milljarði króna.***

**UPPLÝSINGATÆKNI**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is



**SAMIÐ** Gestur G. Gestsson forstjóri Advania og Reg Curtis forstjóri NAAFI þegar samningurinn var undirritaður. MYND/ADVANIA

„Samningurinn þýðir að við munum sjá um upplýsingakerfi bresku samtakanna á öllum þeim stöðum þar sem breski herinn er með aðsetur, hvort sem það er í Þýskalandi, Afganistan, á Falklandseyjum eða um borð í breskum flugmóðurskipum,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri rekstrarlausna Advania.

Fyrirtækið gerði í lok janúar samning við bresku samtökin NAAFI (The UK Navy, Army and Air Force Institutes), sem sjá um veitingaþjónustu og rekstur smásöluverslana fyrir breska heraflann, um að Advania hýsi, reki og endurskipuleggi allt upplýsingakerfi NAAFI. Samningurinn gildir til ársins 2019 og virði hans er um einn milljarður króna.

„Samtökin ákváðu á síðasta ári að gjörbylta sínu upplýsingakerfi því það þótti of stórt og dýrt. Farið var í útboð sem við tókum þátt í og þar vorum við langhlutskörpust. Við erum að leysa af hólmi tuttugu manna tölvudeild NAAFI með því að sinna störfunum hér á Íslandi með færra starfsfólki.“

Hugbúnaður upplýsingakerfisins er nú hýstur í Thor Data Center, gagnaveri Advania. Eyjólfur segir stjórnendur NAAFI hafa lagt mikla áherslu á að hugbúnaðurinn yrði geymdur í gagnaveri sem notar endurnýjanlega orkugjafa.



**EYJÓLFUR MAGNÚS KRISTINSSON**

„NAAFI voru stofnuð af breska hernum árið 1921 en er í dag eins konar sameignarfélag sem rekur veitingastaði, verslanir, keilusali og aðra þjónustu fyrir breska hermenn. Eitt af kerfunum sem samtökin kaupa af okkur, Navision, heldur utan um allan þeirra fjárhag, innkaup og posaviðskipti. NAAFI voru áður með sex til sjö kerfi en Navision kom í stað þeirra allra.“

Eyjólfur segir samninginn vera mikilvægt skref fyrir innlend upplýsingafyrirtæki.

„Það hefur stundum verið sagt að það sé erfitt að reka svona almenn tölvukerfi frá Íslandi út af fjarlægðum. En þarna erum við að reka hefðbundin kerfi sem eru öll staðsett á Íslandi og fara í gegnum þær gagnatengingar sem eru í boði frá landinu. Og þetta bara svínvirkar sem er ótrúlega gott dæmi um að það er hægt að reka svona kerfi frá Íslandi.“

Um 144 milljarðar fengust fyrir afla íslenskra skipa á fyrstu ellefu mánuðum 2013:

# Samdráttur upp á 7,1 milljarð

Aflaverðmæti íslenskra skipa á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs dróst saman um rúmlega 7,1 milljarð króna á milli ára, eða 4,6 prósent.

Veiðar á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs skiluðu 143,9 milljörðum króna í aflaverðmæti en 151 milljarði á sama tímabili 2012, samkvæmt frétt sem Hagstofa Íslands birti á vef sínum í gær.

Þar segir að aflaverðmæti botnfisks hafi verið tæplega 85,2 milljarðar króna og dregist saman um 5,1 prósent. Þar af skiluðu veiðar á þorski 43,4 milljörðum, sem var samdráttur um 5,4 prósent frá fyrra ári, og ýsuveiðar 11,2 milljörðum, sem var 4,9 prósenta samdráttur.

Verðmæti uppsjávarafla nam tæpum 44,4 milljörðum króna og dróst saman um 4,1 prósent frá fyrra ári. Aflaverðmæti loðnu nam 15,6 milljörðum, og jókst um 18,2 prósent, og verðmæti kolmunna jókst um 9,4 prósent, var tæplega þrír milljarðar króna. - hg



**AFLANUM LANDAÐ** Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands dróst saman um 0,8 prósent milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ENNEMM / SÍA / NM61500

# Högum var synjað um tollfrjálsa osta

***Landbúnaðarráðuneytið synjaði beiðni Haga um viðbótartollkvóta fyrir innflutning á ostum og kjúklingi. Forstjóri og lögmaður Haga segja málið munu halda áfram þar til lögleg niðurstaða liggi fyrir.***

„Þetta kemur á óvart, ég verð að segja það. Umsóknin sem Mjólkursamsalan lagði inn fyrir smjörið var á nákvæmlega sömu nótum og okkar umsókn, röksemdafærslan sem við notuðum er sú sama og notuð var þar. Við erum auðvitað ekki sátt við þessa niðurstöðu og munum halda áfram með málið,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, í samtali við Markaðinn.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra hafnaði í gær beiðni Haga um viðbótartollkvóta fyrir innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum, sem og á lífrænum kjúklingi.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Haga, segir ráðuneytið hafna beiðni Haga þrátt fyrir að fyrir liggi að skortur sé á innlendum markaði á þessum vörum og nánast engin innlend framleiðsla á þeim.

Þann 22. maí í fyrra gaf atvinnuvegaráðuneytið út reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á bæði smjöri og ostum. Var þar heimilað að flytja inn ákveðið magn sem lagður var á magntollur. Þrátt fyrir tilvist þessa tollkvóta á bæði smjör og osta var Mjólkursamsölunni veitt heimild í nóvember síðastliðnum til að flytja inn smjör án gjalda þegar ljóst var að skortur var á því á innlendum markaði þar sem innlend framleiðsla annaði ekki eftirspurn. Samkvæmt tilkynningu ráðuneytisins byggist synjun þess á því að heimilt sé að flytja inn umrædda vöru þrátt fyrir að það sé gert á háum gjöldum auk þess sem þess er getið að ráðherra sé óheimilt að fella niður tolla á einstakar vörur.

„Það er alveg ljóst að það er verið að reyna að villa um í umræðunni með því að tala um tollkvóta því ríkið selur þessa tollkvóta, og andvirðið sem innflytjendur greiða fyrir tollkvótana er ígildi tolla. Þannig að rökin halda ekki og þess vegna erum við ósátt við niðurstöðuna,“ segir Finnur.

„Fyrir tæpri viku lagði ráðuneytið hins vegar til ótakmarkaðan og gjaldfrjálsan innflutning á kartöflum og hvítkáli,“ segir Páll Rúnar.

Það var gert með þeim rökum að innlend framleiðsla stæði ekki undir eftirspurn eftir þessum vörum. Það sama á við um ákvarðanir um svínakjöt og fleiri vörur sem skortur hefur orðið á.

Í tilkynningu atvinnuvegaráðuneytisins frá því í gær segir að óheimilt sé að taka slíka ákvörðun um beiðni Haga þrátt fyrir að lítil eða engin framleiðsla sé



PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON



FINNUR ÁRNASON

á þessum vörum á hér á landi.

„Það er ljóst að ráðuneytið hefur kosið að sniðganga fordæmisgefandi úrlausnir sínar. Þegar teknar eru sömu ákvarðanir um sambærilega aðila lætur ráðuneytið annan njóta velvildar sinnar og ívilnunar á meðan hinn þolir ólögmætar og íþyngjandi niðurstöður um sama efni,“ segir Páll.

„Jafnræðisreglan leiðir til þess að fólk má gera ráð fyrir því að mál þeirra fái sömu meðferð hjá stjórnvaldinu og mál sambærilegra aðila í sömu stöðu. Hagar hafa hins vegar ekki notið jafnræðis enda er þessu erindi synjað á meðan sambærileg erindi annarra eru samþykkt. Þetta er mjög miður því hér tapa neytendur og hér tapar samkeppnin,“ segir Páll.

Hann segir samkeppniseftirlitið telja að tollkvótar hafi í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni sem valdi bæði atvinnulífi og neytendum tjóni. Takmarkanir eða stýring á innflutningi



**OSTUR OG LÍFRÆNN KJÚKLINGUR** Hagar sóttu um tollfrjálsan innflutning á nokkrum sérvörum sem ekki eru framleiddar hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hafi í för með sér takmörkun á frelsi í atvinnurekstri, sem leiði til hækkunar vöruverðs til neytenda og fari slíkt gegn markmiði samkeppnislaga. Að sama skapi telur embættið að reynslan sýni að fyrirkomulag landbúnaðarráðuneytisins á úthlutun tollkvóta hafi leitt af sér samráð við gerð tilboða enda felist í slíku kerfi hvati fyrirtækja til að samræma tilboð í þeim tilgangi að lækka innkaupakostnað. Tollkvótar hafi auk þess í för með sér aðgangshindrun fyrir nýja aðila sem vilja hasla sér völl í innflutningi á kjöti og ostum. Þá hefur eftirlitið lagt til að Alþingi beiti sér fyrir því að horfið verði frá aðgangshindrunum sem almennt felast í tollkvótum á innflutningi á búvörum. Þetta komi fram í erindi Samkeppniseftirlitsins til atvinnuveganefndar Alþingis.

Páll segir málinu ekki lokið. „Þetta eru auðvitað ákveðin vonbrigði enda töldum við allar líkur á því að ráðuneytið kæmist að lögfræðilega réttri niðurstöðu. Það verður hins vegar ekki lagst í kör. Málið heldur áfram og það verður ekkert hætt fyrr en hin lögleg niðurstaða liggur fyrir.“

fanney@frettabladid.is

Stefna á að ná inn 500 milljónum Bandaríkjadala:

# Candy Crush á markað

Framleiðandi snjalltækjaleiksins vinsæla Candy Crush Saga er á leið með fyrirtæki sitt á markað. Hann mun ætla sér að ná inn 500 milljónum Bandaríkjadala með hlutafjárútboðinu.

Fyrirtækið King Digital Entertainment PLC, sem framleiðir einnig leikinn Pet Rescue Saga hefur ekki afhjúpað hversu margir hlutir verða til sölu.

Candy Crush Saga var sá ókeypis leikur sem mest var hlaðið niður á bæði iPhone og iPad árið 2013, og hafði þar betur gegn snjalltækjaforritunum vinsælu Facebook, Google Maps og YouTube. Í desember spiluðu 93 milljónir notenda leikinn daglega, 15 milljónir spiluðu Pet Rescue Saga á sama tíma.

Framleiðandinn sagði að í hlutafjárútboðinu yrðu hlutir til sölu bæði frá fyrirtækinu sjálfu sem og núverandi hluthöfum.

Fyrirtækið, sem er írskt, hyggst nota hagnaðinn af söl-




**CANDY CRUSH SAGA** Leikurinn hefur náð gríðarlegum vinsældum.

unni til að auka rekstrarfé sitt sem og mögulega til kaupa á öðrum fyrirtækjum. Enginn arður verður greiddur út. Fyrirtækið hagnaðist um 567,6 milljónir dollara árið 2013 samanborið við aðeins 7,8 milljón dollara hagnað árið 2012.

Fyrirtækið verður skráð í Kauphöllina í New York undir heitinu „King“.

\- fbj

Bandaríkjamenn taka meira af bíla- og námslánum:

# Neysluskuldir hækka

Neysluskuldir Bandaríkjamanna hækkuðu meira á síðasta ársfjórðungi en þær hafa gert síðan efnahagsþrengingarnar hófust vestanhafs árið 2008. Þetta kemur fram í tölum frá seðlabanka Bandaríkjanna.

Skuldirnar hækkuðu um 2,1 prósent á milli fjórðunga, úr 11,28 billjónum dala á þriðja ársfjórðungi upp í 11,52 billjónir dala á þeim fjórða. Hækkunin, 241 milljarður dala, er mesta aukning neysluskulda síðan á þriðja fjórðungi ársins 2007. Hækkunina má helst rekja til bíla- og námslána.

Wilbert van der Klaauw, hagfræðingur hjá bandaríska seðlabankanum, vonast til þess að skuldaaukningin sé til marks um að bandarískir neytendur séu hættir að halda að sér höndunum í eyðslu sinni.

Þrátt fyrir hækkun skuldanna eru þær þó 9,1 prósenti frá 12,68 billjóna dala hátindinum sem þær náðu á þriðja fjórðungi ársins 2008.

\- sój


## Námskeið um uppgreiðanleg fjármögnunarskuldabréf

Námskeið verður haldið á vegum Íbúðalánasjóðs um húsnæðisfjármögnunarkerfi, uppgreiðanleg fjármögnunarskuldabréf, uppgreiðslu í húsnæðislánasöfnum og verðlagningu uppgreiðanlegra fasteignafjármögnunarbréfa með skilyrtum uppgreiðsluheimildum.

Námskeiðið er ætlað fagfjárfestum og þeim sem starfa á skuldabréfamarkaði, sérfræðingum á sviði fjármála og þeim sem láta fjármögnunarkerfi húsnæðislána sig varða.

**Meðal efnisatriða:**

- Áhrifavaldar á uppgreiðslu fasteignalánasafna.
- PSA-uppgreiðsluferlar og hvernig þeir nýtast til að leggja mat á uppgreiðsluhraða lánasafna.
- Hvaða áhrif uppgreiðsla í fasteignafjármögnun hefur á virði bréfanna.
- Verðlagning uppgreiðanlegra fasteignafjármögnunarbréfa sem byggjast á gegnumstreymi.
- Verðlagning: Static yield, Z-spread, Option Adjusted Spread (OAS) o.m.fl.

Kennari er Brian P. Lancaster, prófessor í fjármálum við Stern School of Business í New York háskóla. Hann stýrir námskeiðum í MBA-námi um fasteignafjármögnun á fjármálamarkaði.

Námskeiðið tekur um fjórar klst. og eru þrjár tímasetningar í boði:

1. **Fimmtudagur 20. febrúar kl: 8 – 12**
2. **Fimmtudagur 20. febrúar kl: 13 – 17**
3. **Föstudagur 21. febrúar kl: 8 – 12**

**Staður:** Opni Háskólinn, Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1. Stofu 216.

Skráning er á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is og er án endurgjalds.

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# Apótekið þitt

## í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.




SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



**MÖGULEGAR** breytingar í vændum Forsætisráðherra og fjármálaráðherra eru ekki samstiga þegar kemur að breytingum á Seðlabankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einn seðlabankastjóri eða þrír?

***Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segist gera ráð fyrir því að til skoðunar sé fjölgun seðlabankastjóra. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir meiriháttar breytingar ekki fyrirhugaðar. Frumvarp um breytingar á bankanum verður lagt fram eigi síðar en í lok mars samkvæmt þingmálaskrá stjórnarinnar.***

**EFNAHAGSMÁL**
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í spjallþættinum Sunnudagsmorgni um helgina að til stæði að breyta lögum um Seðlabankann.

**BREYTINGARNAR 2009**

Í febrúar árið 2009 var lögum um bankann breytt meðal annars á þann veg að seðlabankastjórum var fækkað úr þremur í einn. Sparnaður við fækkunina var metinn á 32 milljónir króna á ári, en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kom fram að vegna biðlauna yrði tímabundinn launakostnaður bankans fjörutíu og fjórar milljónir króna. Til lengri tíma litið lækkaði hins vegar launakostnaðurinn um þrjátíu og tvær milljónir króna á ári.

Allir þingmenn Framsóknarflokksins greiddu atkvæði með breytingunum, ásamt þáverandi stjórnarliðum. Sigmundur Davíð var ekki þingmaður á þessum tíma en var þó orðinn formaður Framsóknarflokksins. Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn frumvarpinu, en ekki er að sjá á umræðum um frumvarpið að þeir hafi sett sig upp á móti fækkun seðlabankastjóra heldur vildu sjálfstæðismenn að ákvörðun forsætisráðherra um hver yrði skipaður í embættið yrði borin undir Alþingi.

Óljóst er hvaða breytingar á lögum um Seðlabankann eru fyrirhugaðar hjá ríkisstjórninni en Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir það snerta sig mjög illa ef menn ætli af einhverjum pólitískum ástæðum að hrófla við Seðlabankanum.

„Seðlabankinn hefur náð prýðilegum árangri í því að ná hérna stöðugu verðlagi og sérstaklega stöðugu gengi krónunnar," segir Steingrímur í samtali við Markaðinn. Hann segir að árið 2009 hafi verið nauðsynlegt að endurreisa traust á bankanum og breytingar hafi verið gerðar sem horfa þurfi á heildstætt. „Það vakna margar spurningar um í hvaða tilgangi það yrði gert og hvaða breytingar yrðu gerðar að öðru leyti. Það er enginn tilgangur í að fjölga þeim og hafa jafnframt peningastefnunefnd," segir Steingrímur.

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra og bankaráðs. Alþingi kýs sjö fulltrúa í bankaráð að loknum kosningum til Alþingis. Ráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn.

Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar.

**SEÐLABANKAR ERLENDIS**

Það er misjafnt hvernig nágrannaþjóðir okkar haga yfirstjórn peningamála sinna.

Danir eru með þriggja manna bankaráð, þar af einn aðalseðlabankastjóra sem er konunglega skipaður. Hinir tveir eru skipaðir af bankastjórn, sem samanstendur af 25 manns sem eru ýmist valdir af þinginu, viðskiptaráðherra eða bankastjórninni sjálfri. Bankaráðið ber fulla ábyrgð á peningastefnu Danmerkur.

Í Svíþjóð er bankinn leiddur af bankastjórn sem mönnuð er sex einstaklingum. Þeir eru skipaðir af bankaráði sem í sitja ellefu einstaklingar, skipaðir af sænska þinginu. Bankastjórnin ber ábyrgð á starfsemi bankans.

Noregur er með einn aðalbankastjóra og annan til vara. Þeir stýra bankastjórn norska seðlabankans sem stýrir peningastefnu landsins. Í henni sitja sjö einstaklingar. skipaðir af norska konunginum. Eftirlitsráð hefur eftirlit með starfsemi bankans.

Englendingar breyttu að hluta til stýringu á sinni peningastefnu í apríl árið 2013, þar sem sjálfstæð peningastefnunefnd var mynduð. Seðlabankanum er stjórnað af einum aðalseðlabankastjóra, þremur staðgenglum og einum rekstrarstjóra. Saman mynda þau bankastjórn bankans. Framkvæmdastjórn breska seðlabankans er skipuð fjórtán einstaklingum.

Í Bandaríkjunum skipa sjö einstaklingar bankastjórn sem ákveður peningastefnu landsins. Þar af er einn aðalseðlabankastjóri og annar til vara. Allir eru þeir skipaðir af forseta Bandaríkjanna.



**ÞRÍR SEÐLABANKASTJÓRAR** Fyrir árið 2009 voru þrír seðlabankastjórar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PENINGASTEFNUNEFND** Fimm skipa peningastefnunefnd Seðlabankans í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SEÐLABANKI ÍSLANDS

**NÝTT FRUMVARP Í MARS**

Í endurskoðaðri áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa kemur fram að frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands skuli lagt fram eigi síðar en 31. mars næstkomandi.

Sigmundur Davíð sagði síðastliðinn sunnudag að frumvarpið væri í vinnslu, en að hann gerði ráð fyrir að fjöldi seðlabankastjóra væri meðal þess sem skoðað væri. Hann sagði ákveðin rök hníga að því að æskilegt væri að hafa fleiri en einn seðlabankastjóra, önnur að því að gott væri að hafa einn.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sem hefur málefni Seðlabanka Íslands á sinni könnu segir að meiriháttar breytingar séu ekki fyrirhugaðar á bankanum.

Ljóst er, og Markaðurinn hefur heimildir fyrir því, að ekki er full sátt um það innan ríkisstjórnarinnar hvernig yfirstjórn Seðlabanka Íslands skuli vera.




**GÖNGUSKÍÐAFERÐIR**

**Ferðafélag Íslands býður upp á gönguskíðaferðir í vetur. Til dæmis á Hellisheiði í febrúar, Mosfellsheiði í byrjun mars og á Skjaldbreið 22. mars. Nánari dagskrá má finna á www.fi.is**

# KÆRU ÍSLENDINGAR

**NORDICHEALTH KYNNIR** *Jónína Ben býður heilsumeðferðir á hóteli nálægt Gdansk í Póllandi, í dásamlegu umhverfi við fallegt vatn.*



**FRUMKVÖÐULL** Í tíu ár hafa Íslendingar notið góðs af heilsumeðferðum Jónínu Ben í Póllandi og á Íslandi.

Árið 1981 útskrifaðist ég sem íþróttafræðingur frá McGill-háskólanum í Montreal í Kanada. Síðan þá hef ég svo til eingöngu unnið við heilsueflingu fólks, í Kanada, Svíþjóð og svo hér á Íslandi. Ég hafði þau forréttindi að kynna ýmsar nýjungar fyrir elskulegri þjóð minni og geri enn.

Nú eru það heilsubætandi föstur eða það sem ég valdi að kalla Detox-meðferð Jónínu Ben. Til mín í detox hafa hundruð sótt bæði hér heima og í Póllandi. Fólk frá ýmsum löndum hefur skrifað vitnisburði um lækningarmátt föstunnar sem margir velja að gera að árlegum viðburði. Sumir oft á ári og gleður það mig mjög.

Fastan sem ég kenni er öðruvísi en allar aðrar föstuaðferðir sem ég hef kynnt mér. Hún byggir á kenningum pólsks læknis sem hefur áunnið sér virðingu fyrir árangur þessarar föstu. Aðferðum hennar mun ég ekki breyta en hef bætt við prógrammið ýmsum fyrirlestrum eftir því sem meira ávinnst í rannsóknum og reynslu hvað varðar óhefðbundnar lækningar.

**MEÐFERÐARDAGAR Í PÓLLANDI 2014**

15.– 29.mars
4.–18.apríl
10.–24.maí
24.maí – 7.júní
13.– 28.júlí
7.– 21. september

Ég vinn náið með læknum sem veitir ykkur sem til mín leitið mikið öryggi.

Ég veit að engum er hollt að fasta samhliða fullri vinnu og því gleður það mig að bjóða fólki að dvelja með mér í 14 daga í Póllandi og svo aftur í haust á Íslandi þar sem ég er með eftirlit og ráðgjöf því meðferðin hefur áhrif á líðan fólks strax á öðrum degi.

Ég þekki einkennin og lækningarmáttinn og miðla honum til fólks í meðferðinni.

Líkt og óheilbrigt mataræði orsakar sjúkdóma getur hollt mataræði læknað sjúkdóma. Rannsóknir sýna að með detox-mataræði minnka bólgur og ofnæmisviðbrögð líkamans sem læknavísindin skilgreina sem orsakavald flestra lífsstílssjúkdóma nútímans. Einnig hafa detox-aðferðir aðstoðað fólk við að ná tökum á offitu, gigt, blóðþrýstingssjúkdómum og efnaskipta- og meltingarsjúkdómum. Detox-mataræði getur flýtt fyrir bata eftir heilablóðfall, hjartaáfall og krabbamein.

*Með bestu kveðju,*

**Jónína Ben**
**joninaben@nordichealth.is**
**sími 8224844**

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*
Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Lionssalurinn Lundur
Í janúar 2014 **lækkuðum** við alla matseðla um **kr. 300-500***
*nema fermingarmatseðla sem lækkuðu umtalsvert vorið 2013 fyrir veislu 2014 og verða óbreyttir 2015
**Stöndum saman**
**Lækkum verð**
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is
**Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994**


**Flottar gallabuxur**
**kr. 13.900.-**
**Dökkblár og ljósbláar**
**Str. 36-54**
**Háar í mittið**
Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is
Við erum á Facebook

**Ný sending af vorvörum!**

Frakkar, jakkar og kjólar.
Minnum á að nú styttist í lok á rýmingarsölunni af eldri fatnaði. Lækkuð verð.
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Vertu velkomin! Fylgstu með okkur á facebook.com/Parisartizkan

**Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!**

Eftir
Fyrir
Hreinsandi sérhæfir sig í :
• Myglugró
• Djúphreinsun
• Lyktareyðingu
• Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.
Hreinsandi
fyrir alla muni
Hreinsandi notar efni frá
kemi
**Eldshöfða 1 S: 577-5000**
**Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is**

Ert þú með viðskiptahugmynd?
Stofnun og rekstur fyrirtækja
Námskeiðið hefst laugardaginn 22. febrúar
Upplýsingar og skráning á
www.nmi.is
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

20% afsláttur af öllum síbuxum, kvartbuxum og leggings frá
zhenzi® WOMENS WEAR ZE-ZE® CONCEPT

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

MASTERLINE
Professional Beauty
Ítölsk gæði tryggja heilbrigt og glansandi hár

Án parabena og SLES
Fæst í stórmörkuðum

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU




**KOMIÐ TIL ALLRA HEIMSÁLFA**
Sigrún Klara Hannesdóttir hefur komið til fleiri landa en flestir. Hún hefur til að mynda farið í tvær hnattferðir.

# HEFUR FERÐAST TIL 104 LANDA

**HEIMSHORNAFLAKKARI** *Sigrún Klara Hannesdóttir er haldin ferðafíkn á háu stigi. Hún hefur upplifað ýmislegt á ferðum sínum um heiminn og á meðal annars nöfnu í Perú.*

Sigrún Klara Hannesdóttir, bókasafnsfræðingur og fyrrverandi landsbókavörður, hefur komið til fleiri landa en flestir aðrir. Hún hefur heimsótt allar heimsálfurnar og tvisvar farið í hnattferð. „Þegar ég byrjaði að ferðast varð þetta að eins konar fíkn. Ég hef komið til 104 landa og kalla sjálfa mig ferðafíkil,“ segir Sigrún og hlær.

### EIN Í HEIMSREISU

Hún hefur tvisvar farið alein í hnattferð, fór bæði skiptin frá London og valdi sér þá áfangastaði sem hana langaði til að koma á. „Það má segja að ég sé að athuga sjálfa mig, gá hvort ég geti þetta. Ég get kannski ekki losnað undan ævintýramennskustimplinum en ég er aldrei hrædd við að fara af stað.“

### KVÖÐ AÐ FARA Á SUÐURSKAUTSLANDIÐ

Sigrún fór fyrir um ári á Suðurskautslandið en fannst ekki sérstaklega mikið til þess koma. „Þetta var ferð sem ég þurfti að fara í til að geta merkt við síðustu heimsálfuna. Suðurskautslandið var eina heimsálfan sem ég hafði ekki komið til. Mér fannst allt miklu betra og fallegra á Íslandi, það eina sem var þar en ekki hér voru mörgæsirnar. Fólkið sem var með mér var hins vegar alveg að tapa sér þegar það sá hvali veltast um eða kráku fljúga yfir. Við fórum svo líka í íshella sem öllum fannst stórfengleg upplifun nema mér. Þetta er síðasta ferðin sem ég vildi endurtaka en þetta var eitthvað sem ég þurfti að gera til að ná sjöundu heimsálfunni og var hálfgerð kvöð,“ segir Sigrún en hún merkir samviskusamlega inn á kort þau lönd sem hún hefur komið til og þau eru orðin 104 eins og áður segir.

### NAFNA Í FRAMANDI LANDI

Hún segist ekki eiga neitt uppáhaldsland en að hún sé þannig innstillt að nýjasta landið sé alltaf það mest spennandi. „Mér þykir samt alltaf sérstaklega vænt um Perú og hef ákveðnar taugar til landsins.“ Eins undarlegt og það hljómar þá á Sigrún nöfnu í Perú. „Þar bjó ég í tvö ár fyrir um fjörutíu árum. Ég kynntist konu sem ákvað að skíra dóttur sína í höfuðið á mér vegna aðstæðna sem fólki í dag finnst



eflaust erfitt að skilja. Faðir stúlkunnar vildi ekki eignast stúlkur, bara drengi. Þegar svo dóttirin fæddist vildi hann að móðirin gæfi hana. Móðirin fékk þá hugmynd að skíra hana í höfuðið á mér svo hún kæmist hjá því að gefa hana þar sem það þætti skömm í því fyrir mig. Faðirinn gat því ekki látið hana fara þar sem hann vildi ekki gera hvítri, evrópskri konu skömm til. Móðirin fékk því að halda stúlkunni.“

### STYRKIR SKÓLA Í PERÚ

Eftir að Sigrún flutti frá Perú missti hún tengslin við nöfnu sína og fjölskyldu hennar. Hún sneri aftur til Perú fyrir fimm árum og kynntist þar leiðsögumanni og tókst með þeim góð og sterk vinátta. „Í framhaldi af því stofnaði ég samtök sem heita Vinir Perú og við höfum verið að styrkja skóla í Andesfjöllum og í fátækrahverfum Líma. Þegar ég varð sjötug í október síðastliðnum bað ég vini og kunningja að koma ekki með gjafir eða blóm en gefa í stað þess peninga í sjóð til þess að stofna skólabókasöfn. Söfnunin gekk mjög vel og þegar ég sendi peningana út var mér skipað að koma til Perú og vera viðstödd þegar söfnin verða opnuð í sumar.“

Sigrún bætir því enn við ferðasögusafnið þegar hún fer með allri fjölskyldunni til Perú. Þar mun hún einnig hitta hina perúsku Sigrúnu en leiðsögumanninum, vini Sigrúnar íslensku, tókst að finna hana og móður hennar og verða því eflaust fagnaðarfundir í júní.

■ liljabjork@365.is

**SUÐURSKAUTSLANDIÐ**
Sigrún átti aðeins eftir að fara til einnar heimsálfu og ákvað því að leggja í ferð á Suðurskautslandið fyrir um ári. Henni þótti þó ekki mikið til þess koma.



**PERÚ**
Sigrún bjó í Perú í tvö ár fyrir um fjörutíu árum. Kona þar í landi ákvað að skíra dóttur sína í höfuðið á henni. Fyrir nokkrum árum stofnaði hún samtök sem heita Vinir Perú og styrkja skóla í Andesfjöllum og fátækrahverfum Líma.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

VINNUVERND

MIÐVIKUDAGUR 19. FEBRÚAR 2014 | Kynningarblað Vinnueftirlitið, Verkfræðistofan EFLA og vinnuverndarvikan 2014.



Vonast er til að með breytingunum verði öryggi gegn skemmdum betur tryggt. MYND/GVA

# Sprengjuaflið minnkað á Lýsisreitnum að beiðni Vinnueftirlits

**Framkvæmdir standa yfir á svokölluðum Lýsisreit og felst fyrsti hluti framkvæmdanna í sprengingum í grunni. Íbúar hafa kvartað yfir ónæði og telja að tjón hafi hlotist á eignum. Vinnueftirlitið hefur beðið framkvæmdaraðila að minnka sprengjuaflið.**

Nú standa yfir framkvæmdir á svokölluðum Lýsisreit. Fyrsti hluti framkvæmdanna felst m.a. í sprengingum í grunni húss sem þar verður byggt. Þessar sprengingar hafa valdið íbúum og starfsmönnum í nærliggjandi húsum ónæði og sumir telja að tjón hafi orðið á eignum. Af þessum ástæðum hefur fjöldi kvartana borist Vinnueftirlitinu.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins hafa frá 13. janúar sl. farið alls fjórum sinnum í eftirlitsheimsóknir í kjölfar kvartana vegna sprenginga á Lýsisreitnum auk þess sem þeir hafa tekið þátt í fundum sem haldnir hafa verið með íbúum, framkvæmdaaðilum og byggingafulltrúa. Farið hefur verið yfir niðurstöður titringsmælinga og skoðuð bor-, hleðslu- og sprengiplön fyrir sprengingarnar. Til að fylgjast með framkvæmd sprenginganna hefur Vinnueftirlitið farið fram á vikulegar útskriftir mælinga meðan á framkvæmdum stendur.

Í tengslum við framkvæmdirnar hefur verið komið fyrir tveimur mælum er mæla bylgjuhraða og tíma á milli sprengiraða. Mælarnir, sem staðsettir hafa verið eftir framvindu verksins, hafa sýnt að sprengingar þær er framkvæmdar hafa verið eru innan þeirra marka sem reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni gerir ráð fyrir. Þar eru mörk sett fyrst og fremst út frá hættu á skemmdum en ekki sérstaklega öðrum þáttum eins og upplifun og ónæði þeirra er búa og vinna innan áhrifasvæðis sprenginganna.

Í ljósi kvartana og upplifunar íbúa á svæðinu taldi Vinnueftirlitið rétt að skoðaðar yrðu leiðir til að minnka „sprengjuaflið“ í samráði við framkvæmdaraðila verksins. Við því hefur Þingvangur ehf., sem er framkvæmdaraðili verksins, orðið jafnvel þó af því hljótist aukinn kostnaður. Það er von Vinnueftirlitsins að með þeim breytingum er gerðar hafa verið á skipulagi og hleðslu við sprengingar á Lýsisreitnum verði öryggi gegn skemmdum betur tryggt og óþægindi minni en áður var.



Vonast er til að með breytingunum verði öryggi gegn skemmdum betur tryggt. MYND/GVA

# Vinnuvernd er mannréttindi

**Vinnuslys og atvinnutengdir sjúkdómar kosta samfélagið 50–70 milljarða á ári. Stærstur hluti þess er vegna sjúkdóma og slits sem leiðir til vinnutaps og ótímabærrar örorku starfsmanna.**

Vinnuvernd er hluti almennra mannréttinda og á sérhver starfsmaður rétt á því að snúa heill heim úr vinnu sinni að sögn Eyjólfs Sæmundssonar, forstjóra Vinnueftirlitsins. Hann minnir á að í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sé kveðið á um rétt til góðra vinnuskilyrða og í félagsmálasáttmála Evrópu um réttinn til öruggra og heilsusamlegra vinnuskilyrða. „Í fjölmörgum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er ítarlega kveðið á um það hvernig vernda skuli launþega gegn slysum og óhollustu og tryggja þeim um leið góð vinnuskilyrði.“ Að sögn Eyjólfs sýna erlendar rannsóknir að vinnuslys og atvinnutengdir sjúkdómar kosta vestræn samfélög eins og okkar um 3-4% af landsframleiðslu. „Það svarar til 50-70 milljarða króna hjá okkur Íslendingum. Stærstur hluti þess er vegna sjúkdóma og slits sem leiðir til vinnutaps og ótímabærrar örorku starfsmanna. Vinnan sem slík er holl hverjum manni og mikið böl felst í því að hafa ekki atvinnu.“

Eyjólfur segir það endurspeglast í vinnuverndarlögum okkar, lögum nr. 46/1980 sem fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. „Lögin skilgreina meðal annars eftirfarandi markmið: að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Einnig segja þau til um að tryggja skuli skilyrði fyrir því að innan vinnustaða sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur, meðal annars í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.“

Hann minnir á að vinnuveitendur beri meginábyrgð á því að tryggja öruggar og heilsusamlegar aðstæður á vinnustað, meðal annars með því að gera áhættumat og áætlun um forvarnir. Starfsmenn hafi þó líka skyldur og ber að fara eftir þeim reglum sem gilda á vinnustaðnum. „Vinnuverndin nær til margra þátta. Öryggi og slysavarnir koma kannski fyrr upp í hugann en aðrir þættir, svo sem forvarnir gegn sjúkdómum, t.d. í stoðkerfinu, streituvarnir og eineltisstefna skipta líka miklu máli.“

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á þessu sviði en annast einnig margs konar fræðslu sem upplýsingar eru um á heimasíðu stofnunarinnar, vinnueftirlit.is. Þar er einnig að finna margs konar leiðbeiningar, svo sem vinnuumhverfisvísa fyrir ýmsar atvinnugreinar og áhættuþætti.



„Vinnan sem slík er holl hverjum manni og mikið böl felst í því að hafa ekki atvinnu,“ segir Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins. MYND/STEFÁN

## *Vinnuslys eru alls engin tilviljun*

VINNUEFTIRLITIÐ

Enginn fer til vinnu með það í huga að verða fyrir vinnuslysi eða öðru tjóni. Slysatíðni hérlendis er á niðurleið og meiri vakning hefur átt sér stað um gildi forvarna.

Vinnan er grundvöllur velmegunar og vellíðunar fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni. Það fer enginn til vinnu með það í huga að verða fyrir vinnuslysi eða öðru tjóni vegna vinnu sinnar og öll viljum við komast heil heim. Okkur bera að gera vinnuna sem hættuminnsta og fylgja innlendum og alþjóðlegum reglum á sviði vinnuverndar. Öll verk þarf að skipuleggja þannig að áhætta við þau verði sem minnst. Ef ekki er hægt að framkvæma verkefni án þess að heilsunni sé stefnt í voða eigum við að velja aðrar aðferðir og beita öðrum vinnubrögðum.

Þegar horft er á töfluna um fjölda vinnuslysa má sjá að slysatíðni er á niðurleið fyrir allar starfsgreinar. Þetta má helst rekja til mannvirkjageirans þar sem fjöldi slysa hefur farið lækkandi ár frá ári. Störfum í bygginga- og mannvirkjagerð hefur fækkað umtalsvert samhliða því að vakning hefur orðið um svokallaða núll-slysastefnu, bæði meðal verkkaupa og verktaka.

Í fiskvinnslu hefur tilkynntum slysum fjölgað sem tengist að hluta betri skráningu. Engu að síður er um þre- til ferfalt hærri slysatíðni í fiskvinnslu en í öðrum greinum. Árið 2013 hóf Vinnueftirlitið átak til að fækka slysum í fiskvinnslu en ljóst er að mikið verk er fram undan. Það þarf að verða vitundarvakning meðal atvinnurekenda og launþega í fiskvinnslu um víðtækt áhættumat.

Vinnuslysum í opinberri þjónustu fjölgar einnig. Þetta er alþjóðlegt vandamál vestræna ríkja þar sem heilbrigðisgeirinn er með hættulegustu vinnustöðum með tilliti til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Í þessum geira er mikið álag og vítahringur álags og heilsutjóns fælir frá.

Það er skýrt kveðið á um að börn eigi ekki að vinna hættuleg störf. Frá 2010 til loka árs 2013 slösuðust þó um 270 börn yngri en 18 ára í vinnuslysum sem tilkynnt voru til Vinnueftirlitsins. Vinnuslys eiga ekki að vera í reynsluheimi okkar og alls ekki barnanna okkar. Kerfisbundið slysaáhættumat, alltaf alls staðar, er besta fjárfestingin!

### Fjöldi vinnuslysa á hverja 10.000 starfandi

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi tilkynntra vinnuslysa á 10.000 starfandi | 104 | 81 | 80 | 92 | 92 |
| Fjöldi tilkynntra slysa í opinberri þjónustu | 51 | 69 | 70 | 73 | 86 |
| Fjöldi tilkynntra slysa í mannvirkjagerð | 215 | 138 | 115 | 98 | 72 |
| Fjöldi tilkynntra slysa í fiskiðnaði | 257 | 209 | 258 | 392 | 371 |
| Fjöldi tilkynntra slysa í flutningastarfsemi | 98 | 73 | 97 | 82 | 90 |



Ásta Snorradóttir, hjúkrunar- og félagsfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, segir fólk afkasta meiru og endast lengur á vinnumarkaði líði því vel í vinnunni. MYND/STEFÁN

# Gott skipulag veitir öryggi

**Andlegi og félagslegi þátturinn í vinnuumhverfinu er mikilvægur, að sögn Ástu Snorradóttur, hjúkrunar- og félagsfræðings hjá Vinnueftirlitinu. Við erum líklegri til að afkasta meiru ef okkur líður vel í vinnunni og einnig höldumst við lengur á vinnumarkaðnum.**

Góður starfsandi á vinnustað er ekki sjálfgefinn. Vinnuveitendur geta með áhættumati á félagslegum og andlegum þáttum í vinnuumhverfinu búið til góðan anda á vinnustað. Þessir þættir eru mikilvægir fyrir allan rekstur að sögn Ástu Snorradóttur, hjúkrunar- og félagsfræðings.

„Þegar vinnuumhverfi er tryggt er það líklegt til árangurs bæði hvað varðar starfsmannamál og rekstur viðkomandi fyrirtækis,“ útskýrir Ásta. „Ef eingöngu er lögð áhersla á hvatningu starfsmanna en ekki búið til gott skipulag í kringum andlega og félagslega þætti skilar það ekki jafn miklu. Það er ekki nóg að segja bara „við ætlum að styðja hvert annað“, heldur verður að skýra hvernig á að gera það.“

### Röð og regla veitir öryggi

Þeir þættir sem huga þarf að eru meðal annars öruggt vinnuumhverfi, samskipti á vinnustað, hvert á að leita eftir aðstoð og álag svo eitthvað sé nefnt. Hversu mikið frjálsræði hefur fólk í vinnunni? Er vinnutíminn sveigjanlegur? Og ekki síst þarf að skoða hvort kröfur á starfsfólk eru hæfilegar, eru verkefnin of fá eða of mörg, nægilega krefjandi eða óraunhæf?

„Alla þessa þætti þarf að skipuleggja vel svo þeir nýtist og komi fólki til góða. Þegar það er gert veit fólk hvernig það á að haga vinnu sinni og ofan á þann grunn er svo hægt að bæta hvatningu og öðrum þáttum til að auka afköst og gleði í vinnunni,“ segir Ásta.

„Ég líki þessu gjarnan við fataskáp, ef allt er í óreiðu í skápnum finnur maður aldrei fötin sem maður er að leita að. En ef allt er í röð og reglu veit maður nákvæmlega hvað maður er að gera og það skapar öryggi og vellíðan.“

### Einelti á vinnustað

Ásta segir áhættumat á andlegum og félagslegum þáttum forvarnarstarf. Kanna þurfi reglulega hvernig starfsfólki líður í vinnunni og reyna að bæta þá þætti sem ekki reynast í lagi. Einelti á vinnustað er alvarlegur þáttur og skaðlegur. Það er skylda atvinnurekanda að draga úr hættu á að þær aðstæður skapist sem leitt geta til eineltis. „Þegar andlegt og félagslegt vinnuumhverfi er gott og vel skipulagt og búið að fara yfir þá áhættuþætti sem geta skapast, er það forvörn og jafnframt öflugasta vopnið í eineltismálum. En það verður líka að vera til viðbragðsáætlun varðandi einelti,“ segir Ásta.

„Fyrirtæki verða að hafa stefnu í eineltismálum, gera starfsmönnum ljóst að einelti er ekki liðið á vinnustaðnum og fræða fólk um það hvað einelti er og hvernig hægt er að vinna saman án þess að skapa erfiðar vinnuaðstæður.

Ef einelti kemur upp þarf að fara yfir alla þætti í vinnuumhverfinu og finna ástæðuna. Af hverju gerðist þetta? Síðan þarf að sauma fyrir þær hættur sem gátu hafa orðið til þess að einelti átti sér stað.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbirgir@365.is, s. 512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Leiðandi á sviði vinnuverndar og öryggismála

EFLA verkfræðistofa er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki og leiðandi á sviði vinnuverndar og öryggismála. Fyrirtækið er viðurkenndur aðili hjá Vinnueftirlitinu í að gera áhættumat fyrir hin ýmsu störf og býður einnig upp á hönnun og lausnir. EFLA gengur á undan með góðu fordæmi og er bæði með vottaða öryggis- og umhverfisstjórnun auk þess sem skrifstofur fyrirtækisins eru í vottaðri byggingu.




Frá vinstri: Finnur Ingi Hermannsson, Davíð Eysteinn Sölvason, Ólafur Daníelsson , Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Sigurjón Svavarsson. MYND/GVA

„Við erum með vottaða öryggisstjórnun samkvæmt OHSAS 18001 og vorum fyrsta fyrirtækið í okkar geira til að fá slíka vottun. Á sama tíma veitum við öryggisstjórnunarráðgjöf til viðskiptavina okkar," segir Helga J. Bjarnadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs EFLU. Hún segir vottun fela í sér staðfestingu á því að fyrirtækið uppfylli öll skilyrði í lögum og reglugerðum varðandi vinnuverndar-, heilsuverndar- og öryggismál og að stöðugt sé leitað leiða til að bæta vinnuumhverfið. Hluti af því er að gera svokallað áhættumat starfa en þá er áhætta við öll störf í fyrirtækinu metin út frá umhverfisþáttum, félagslegum, heilsufarslegum, tæknilegum og efnafræðilegum þáttum. „Áhættumat sem þetta er lögboðið á Íslandi fyrir öll fyrirtæki sem hafa fleiri en tíu starfsmenn og sér Vinnueftirlitið um eftirlit með því. Ef um framkvæmdir er að ræða er sömuleiðis nauðsynlegt að gera sams konar áhættumat fyrir þær," útskýrir Helga.

Fyrir þremur árum flutti EFLA í nýtt húsnæði að Höfðabakka 9 þar sem Tækniskólinn var áður til húsa. Byggingunni var breytt í skrifstofuhúsnæði og ákveðið var að innrétta það með það að markmiði að skapa góða vinnuaðstöðu og heilbrigt vinnuumhverfi. Húsnæðið fékk í kjölfarið alþjóðlega BREEAM-vottun fyrir vistvænar byggingar og er fyrsta endurbyggða byggingin á Íslandi sem hlýtur slíka vottun. Vottunin þýðir meðal annars að tryggð sé fyrirtaks hljóðvist og birtuskilyrði og að byggingarefni valdi ekki slæmum loftgæðum. „Þá leggjum við áherslu á heilsueflingu fyrir starfsmenn og höfum meðal annars góða aðstöðu fyrir hjólafólk, sturtuaðstöðu og líkamsræktaraðstöðu svo dæmi séu nefnd. Við erum því í fararbroddi á þessu sviði sem okkur finnst skipta sköpum þegar við ráðleggjum öðrum," segir Helga.

### Ráðgjöf, hönnun, lausnir, innleiðing og eftirfylgd

EFLA veitir sem fyrr segir alhliða ráðgjöf. „Við erum ekki eingöngu í því að greina vandamál heldur hönnum og komum með lausnir. Þá veitum við aðstoð við að innleiða lausnirnar ásamt því að bjóða upp á eftirfylgni. Ráðgjöfin er heildstæð og kemur jafnt að tæknilegum, félags- og heilsufarslegum þáttum. Við höfum mikið af tæknifólki á okkar snærum en erum auk þess í samstarfi við Heilsuvernd ehf. sem er með lækna, sálfræðinga og sjúkraþjálfara á sínum snærum," segir Helga.

EFLA vinnur að verkefnum í byggingargeiranum, hjá iðnfyrirtækjum, í skólum og á heilbrigðisstofnunum svo dæmi séu nefnd og eru mismunandi þættir í brennidepli á hverjum stað fyrir sig. „Á leikskólum skiptir hljóðvist miklu máli en í efnaverksmiðju skiptir efnaáhættumatið meira máli. Áhættumat starfa er því mjög breytilegt," segir Helga.

Sigurjón Svavarsson öryggissérfræðingur hefur meðal annars umsjón með áhættumati starfa hjá EFLU og vinnur mikið úti í hinum ýmsu fyrirtækjum. Hann leggur ríka áherslu á eftirfylgni með vandamálum sem hafa verið greind. „Ef þekkingin til þess er ekki til staðar innan fyrirtækjanna er hætt við því að hlutirnir renni út í sandinn. Við förum því í að breyta verklaginu þannig að aðgerðirnar virki í raun. Við gerum það með því að fá starfsfólk inn í greiningarvinnuna og deila ábyrgðinni strax í upphafi. Þannig erum við ekki bara að skilja eftir plagg með því sem þarf að gera heldur að koma því í framkvæmd," segir hann. Sigurjón hefur meðal annars á sinni könnu efnaáhættumat en allir sem nota hættuleg efni í rekstri þurfa að gera slíkt mat.

„Þá gerum við áhættumat fyrir vélar sem við hönnum fyrir iðnfyrirtæki og aðra aðila en þær þurfa allar að vera CE-merktar, samkvæmt Evróputilskipun. Það er til að tryggja öryggi þeirra sem setja vélarnar upp, vinna við þær, viðhalda þeim og koma til með að farga þeim." Sigurjón tekur fram að við alla hönnun á vegum EFLU sé lögð áhersla á að girða fyrir ýmis vandamál í upphafi hönnunarferilsins til að forðast slys, hættulegt vinnuumhverfi og háan viðhaldskostnað.

### Hljóðhönnun

EFLA er sömuleiðis með hljóðhönnun á sinni könnu en góð hljóðvist er gríðarlega mikilvæg þegar kemur að góðu starfsumhverfi og líðan á vinnustað. Ólafur Daníelsson, fagstjóri hljóðvistar hjá EFLU, segir góða hljóðvist á vinnustöðum einn af þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á líðan og afköst starfsmanna. Áreiti frá öðrum notendum, tækjabúnaði og vélum kann að hafa afgerandi áhrif á einbeitingu og hversu lengi starfsmaður getur unnið án þess að finna fyrir þreytu. Þar sem samskipti eru mikilvæg getur hljómmikið rými eða bakgrunnshávaði minnkað skilvirkni samskipta til muna. „Okkar hlutverk er að komast að rót vandans með hljóðmælingum, útreikningum og greiningu á aðstæðum og að ráðleggja og hanna í kjölfarið viðeigandi lausnir. Lausnirnar eru mjög mismunandi eftir aðstæðum; í einhverjum tilfellum þarf að gera skipulagsbreytingar innan rýma en stundum þarf t.d. að bæta við hljóðísogsflötum, koma upp hljóðskermingu milli svæða eða bæta hljómburð í rýminu," útskýrir Ólafur.

### Lýsingartækni

Davíð Eysteinn Sölvason, fagstjóri rafkerfa- og lýsingartækni hjá EFLU, segir sömuleiðis margsýnt hversu mikil áhrif lýsing hefur á líðan og starfsorku en með réttri lýsingu má að hans sögn skapa stemningu, vellíðan og öryggi. „Góð lýsing hefur ekki eingöngu áhrif á sjónræna upplifun heldur líka á geðheilsuna og líffræðilega þætti en rannsóknir hafa meðal annars sýnt að rétt lýsing í skólastofum og notkun dagsbirtu með markvissri stýringu leiðir til jákvæðra áhrifa á frammistöðu nemenda," segir Davíð.

### Mælingar, rannsóknir og endurbætur vegna myglusvepps

Finnur Ingi Hermannsson byggingafræðingur er einn helsti sérfræðingur EFLU í málefnum tengdum myglu í byggingum. Finnur segir sífellt fleiri leiða hugann að loftgæðum og myglu í byggingum en mikilvægt er að taka á málum sem þessum strax í hönnunarferli. Með því má koma í veg fyrir verulegt tjón á mannvirkjum og heilsu fólks. EFLA býður upp á heildarlausnir vegna raka eða myglusvepps í mannvirkjum. „Við erum með fullkomin mælitæki sem mæla og greina t.d. hita, raka, $CO_2$, örverur, rykagnir, myglusveppi og myglusveppagró bæði í andrúmslofti eða á byggingarefnum og bjóðum upp á ráðgjöf við hönnun mannvirkja, greiningar, endurbætur og eftirlit vegna raka og myglu-skemmda," segir Finnur.

EFLA hefur á að skipa hæfu og reynslumiklu fagfólki á fjölmörgum sviðum en þar starfa á þriðja hundrað manns. Að ofansögðu má ljóst vera að þangað er hægt að leita lausna sama hvert eðli og umfang verkefnisins er.



## VINNA UNGLINGA 15-17 ÁRA

**Vinnan göfgar** manninn og jákvætt er að unglingar fái tækifæri til að kynnast og taka þátt í atvinnulífinu. Unglinga er almennt heimilt að ráða til vinnu nema um sé að ræða eftirfarandi aðstæður:

- **Vinnu** sem líklega er ofviða líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
- **Vinnu** sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.
- **Vinnu** þar sem hætta er á skaðlegri geislun.
- **Vinnu** þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
- **Vinnu** sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
- **Vinnu** þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu, nema ungmennin starfi með fullorðnum.

**Í reglugerð** nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga er að finna í viðauka 1-3 lista yfir hættuleg tæki, verkefni, efni og störf þar sem óheimilt er að ráða unglinga í vinnu. Heimilt er að víkja frá þessu sé það nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga og þá samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

*Heimild: Umboðsmaður barna (barn.is)*

## VINNUSLYS OF ALGENG

**Samkvæmt skýrslu** Alþjóðavinnumálastofnunarinnar deyr verkamaður í vinnuslysi eða úr atvinnutengdum sjúkdómum á 15 sekúndna fresti, einhvers staðar í heiminum. Að sama skapi lenda 160 verkamenn í vinnuslysi á 15 sekúndna fresti. Þetta þýðir að á hverjum degi látast að meðaltali 6.300 manns í vinnuslysum eða úr vinnutengdum sjúkdómum, eða um 2,3 milljónir manna á ári. Samkvæmt skýrslu stofnunarinnar eiga sér stað um 317 milljónir vinnuslysa árlega um allan heim og leiða mörg þeirra til langrar fjarveru starfsmanna frá vinnu. Áætlaður kostnaður vegna þessa er gríðarlegur, eða um 4% af landsframleiðslu allra ríkja heims. Þegar kemur að vinnuvernd eru aðstæður mjög mismunandi eftir löndum, atvinnugreinum og þjóðfélagshópum. Aðstæður eru sérstaklega slæmar í þróunarlöndunum þar sem margir starfa við hættulegar aðstæður í námuvinnslu, landbúnaði og sjávarútvegi. Margir verkamanna sem látast á þessum slóðum eru konur, börn og grunlausir innflytjendur. Vinnuslys geta eðlilega haft mjög mikil áhrif á starfsmenn sem lenda í þeim og fjölskyldur þeirra en talið er að koma megi í veg fyrir stóran hluta þeirra.



## VINNUVERNDARVIKAN 2014



**Árlega er** haldin Evrópsk vinnuverndarvika undir forystu Vinnuverndarstofnunar Evrópu. Þetta sameiginlega átak Evrópuþjóða nær hámarki í eina viku seinni hluta októbermánaðar ár hvert.

**Markmiðið með** vinnuverndarvikunni er að vekja athygli fólks á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari. Starfshópur, skipaður fulltrúum atvinnulífsins og Vinnueftirlitsins, sér um framkvæmd verkefnisins hér á landi.

**Yfirskrift Evrópsku** vinnuverndarvikunnar í ár og á næsta ári er: Góð vinnuvernd vinnur á streitu – Stjórnun streitu og sálfélagslegrar áhættu á vinnustöðum.

**Vandinn er** nokkuð yfirgripsmikill. Yfir helmingur evrópskra launþega segir að streita sé algeng á vinnustað sínum. Streita, ásamt öðrum sálfélagslegum áhættuþáttum, er talin vera orsök a.m.k. 50% allra tapaðra vinnudaga. Um 4 af hverjum 10 launþegum telja að illa sé unnið með vandamálið á vinnustað þeirra.

**Helstu markmið** átaksins er að bæta skilning á vinnutengdri streitu og sálfélagslegri áhættu, efla stjórnun á þessum áhættuþáttum, fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu, veita starfsmönnum og atvinnurekendum stuðning og leiðbeiningar og hvetja til notkunar á tiltækum verkfærum til að bæta sálfélagslegt vinnuumhverfi.


# Námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa

**(öryggisverði,-trúnaðarmenn og mannauðstjóra)**

**Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum. Námskeiðið fer fram í Reykjavík dagana 3. mars og 4. mars milli kl. 8:30-15:30**

**Meðal þess sem fjallað er um á námskeiðinu er:**

- Lög og reglur í tengslum við vinnuverndarstarf
- Áhættumat starfa
- Umhverfisþættir s.s hávaða, lýsingu og loftgæði
- Félagslegir og andlegir áhættuþættir s.s. einelti, streitu ofl.
- Hættuleg efni og efnafræðilegir skaðvaldar
- Vinnuslys, atvinnusjúkdómar og líffræðilegir skaðvaldar
- Heilsueflingu á vinnustað

**Skráning fer fram á www.vinnuvernd.is**

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

## Bílar til sölu



Citroen Picasso árg 2007. Ek. 128þús, ný smurður og yfirfarinn. Skoðaður út 2014. Eyðslugrannur gullmoli. Ásett verð 950þús - TILBOÐ 800þús. Áhvílandi 490þús - skoða skipti á ódýrari bíl eða ferðahýsi. Uppl. í s. 823-3344



Til sölu Toyota Avensis árgerð 2000 Ek. 136þús. Sumardekk fylgja. V. 590þús. Uppl. í s. 8458168



**TIL SÖLU**

Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús



Til sölu Ford Ranger pikkup dísel. Árg. 2000 ek. 200þús. ný tímareim og kúpling. Skoðaður V. 490þús. Einnig góður gámur með rafm. V.290þús. Uppl. í s. 8961976

Til sölu Honda CRV árg.98 ssk. góð dekk. Endurnýjun í hjólum bremsur og liðir. Ek. 254þús. Ásett verð 400þús. Uppl. í s. 8623359

## 500-999 þús.



**SPARIBAUKUR EK AÐEINS 28 ÞÚS!**

FORD KA 1,3 árg 2007 ekinn aðeins 28 þús km frá upphafi, ný skoðaður 2015, heilsárs og sumar dekk, beinsk, eins og að keyra nýjan bíl! verð 790 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**

98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## Hjólbarðar




## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Smiður með reynslu í húsaviðgerðum ó.e vinnu. Hurðir, parket, flísar, gipsveggir og fl. s. 7718013.

**MYGLUHREINSUN**

sérhæfðir verktakar fyrir kröfuharða. Mannvist&mannvirki mannvist@ mannvist.is 5195700

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is




# Byrjar vel hjá Nordic eMarketing

***Hreggviður Steinar Magnússon, framkvæmdastjóri þessa internetmarkaðssetningarfyrirtækis, segir helming tekna þess koma frá erlendum verkefnum. Er tilnefnt í fimm flokkum á Evrópuleitarvélaverðlaununum 2014.***

**VIÐTAL**
Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

„Þetta er náttúrulega gríðarlegur heiður fyrir okkur að hljóta þessar tilnefningar og mikil viðurkenning á því að við náum árangri fyrir viðskiptavini okkar," segir Hreggviður Magnússon, framkvæmdastjóri Nordic eMarketing, í samtali við Markaðinn. Fyrirtækið var í vikunni tilnefnt til fimm verðlauna á Evrópuleitarvélaverðlaunum 2014.

Hreggviður segir fyrirtækið vera nútímaauglýsingahús, sem markaðssetur fyrirtæki, vörur og þjónustu í gegnum netið. „Það þýðir aðallega í gegnum nútímaleitarvélar, það snýst allt um leitarvélarnar, að vera með sýnilega vöru eða þjónustu þar," segir Hreggviður.

**Á ELLEFU TUNGUMÁLUM**

Fyrirtækið var stofnað árið 2005 og sinnir internetmarkaðssetningu á mörgum tungumálum. Hreggviður segir að vöru sem á að markaðssetja þurfi að beina beint inn á þann markað þar sem hún á að seljast. „Tökum Þýskaland sem dæmi, ef þú vilt selja einhverja vöru þar þá þarf hún að vera til á þýsku, hún þarf að finnast undir viðeigandi leitarorðum og það fljótt. Þannig hjálpum við viðskiptavinum okkar að komast fyrir augu einstaklingsins sem er að leita sér að vörunni. Það gerum við með markaðsgreiningu, finnum hvernig hann leitar og heilmikil vinna fer í það með ákveðinni aðferðafræði sem við vinnum eftir. Þess vegna erum við líka með starfsfólk sem sérhæfir sig í hinum ýmsu mörkuðum, Þjóðverja, Breta og Frakka."

**HELMINGUR TEKNA AÐ UTAN**

Hreggviður segir um helming tekna fyrirtækisins koma að utan. „Við höfum séð um 10-20% vöxt hér heima síðustu árin, en augljóslega sjáum við fyrir okkur að stóru verkefnin komi að utan og þetta ár byrjar glimrandi vel," segir Hreggviður sem upplýsir að í janúar hafi fyrirtækið skrifað undir samning við fyrirtækið Symantec, eitt Fortune 500-fyrirtækjanna, sem meðal annars selur vírusvarnarforritið Norton Antivirus. Einnig eru þau á leið í spennandi samstarf í Noregi, þar sem þau munu meðal annars vinna fyrir Maarud-snakkframleiðandann þekkta og Geox-skóframleiðandann.

**FÆRIST Í AUKANA**

Hreggviður segir internetmarkaðssetningu sífellt vera að færast í aukana, sérstaklega úti í heimi. Hann segir kostinn við internetmarkaðssetningu vera auðmælanlegan árangur. „Það er mun erfiðara að mæla árangur af sjónvarpsauglýsingum, þótt hann sé auðvitað einhver. Þú getur ákveðið að fara í herferð á Google, sett ákveðið mikla fjármuni í það og mælt nákvæmlega hver árangurinn af því er og hvernig fjármununum var þá eytt."

Hreggviður segir Ísland ávallt verða svolítið sér á báti í þessum efnum sem mörgum öðrum, vegna smæðar markaðarins. „Það þarf náttúrulega svo lítið til hér heima til að eitthvað fari á flug. En það er klárlega „trend" í gangi erlendis þar sem fyrirtæki eru í sívaxandi mæli að nýta netið sem markaðsmiðil og eyða stærri hluta af kökunni, þeim fjármunum sem nýttir eru í markaðssetningu, á internetinu."



**SAMFÉLAGSMIÐLAR** Nordic eMarketing sérhæfir sig meðal annars í markaðssetningu á samfélagsmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**IP-TÖLUMARKAÐSSETNING**

Nordic eMarketing sérhæfir sig einnig í markaðssetningu á samfélagsmiðlum. „Samfélagsmiðlar, í alþjóðlegu samhengi, eru svo miklu meira en bara Facebook, sem svo margir halda að sé eini samfélagsmiðillinn," segir Hreggviður og nefnir sem dæmi LinkedIn, Pinterest og Twitter. „Svo eru leitarvélarnar ekkert bara Google, sem dæmi þá er aðalleitarvélin í Rússlandi Yandex. Í Kína er það Baidu. Það skiptir bara máli að horfa heilt yfir á hvaða vöru er verið að selja og hvernig á að setja hana fram gagnvart hópnum sem þú miðar á og taka ákvarðanir út frá því," segir Hreggviður.

Hann nefnir það sem dæmi um kost internetsins að hægt er að beina sjónum að markhópnum eingöngu. „Við getum til dæmis tekið konur á aldrinum 45-54 ára, sem hafa áhuga á prjónaskap og eru alltaf til dæmis í Central Park, milli klukkan tvö og fjögur á daginn, og beint sjónum okkar bara að þeim. Þá getum við líka farið í IP-tölu markaðssetningu. Við til dæmis vorum að vinna fyrir Vodafone, á alþjóðavísu. Þar vorum við að vinna með vöru sem einungis 1.500 fyrirtæki í heiminum voru mögulegir kaupendur að. Þá fórum við í sérstaka IP-tölu markaðssetningu nákvæmlega á þessi fyrirtæki og vörpuðum auglýsingum og borðum beint fyrir augu þessa fólks. Sú herferð skilaði framúrskarandi árangri. Við getum alltaf náð athygli viðskiptavinarins," segir Hreggviður.

> Við getum alltaf náð athygli viðskiptavinarins.




Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FROSTI ÓLAFSSON

# Við höfum tækifæri til að standa í fremstu röð

Frosti Ólafsson er gestur Klinksins á Vísi þessa vikuna.

Frosti er hagfræðingur og MBA frá London Business School og starfar sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Frosti starfaði áður hjá McKinsey&Company í Kaupmannahöfn.

Frosti ræddi við Klinkið um Viðskiptaþing Viðskiptaráðs sem haldið var í síðustu viku undir yfirskriftinni „Open for business? – Uppbygging alþjóðageirans á Íslandi“ og helstu tækifæri á þeim vettvangi. Frosti ræddi einnig um helstu hindranir í vegi uppbyggingar alþjóðageirans og skipan peningamála í íslensku samfélagi.

Þá ræddi Frosti við Klinkið um stöðu menntamála á Íslandi, hvernig fjármagni er úthlutað og hvaða tækifæri eru til að ná betri árangri á því sviði.



„Ég held að það sé alveg fyrirsjáanlegt að ef höftin verða hérna um ókomna tíð þá verða ekki til mörg ef þá nokkur stórfyrirtæki.“

„Við þurfum aðeins að hugsa hvernig við byggjum undir vöxt horft til framtíðar og þar er alþjóðageirinn gríðarlega mikilvægur. Staðan er þannig að auðlindagreinarnar standa undir ¾ af heildarútflutningi Íslands, alþjóðageirinn þessum fjórðungi sem eftir stendur. Við viljum breikka og fjölga þeim stoðum sem standa undir útflutningi. Enda er það þannig að ef við ætlum að vaxa með sjálfbærum hætti þá er mikilvægt að útflutningur vaxi í takt við hagkerfið í heild.“

„Það kom okkur að vissu leyti á óvart hversu mikill vilji var til breytinga [á menntakerfinu] vegna þess að kerfið hefur verið svolítið vanafast og menn ekkert rosalega viljugir til að ræða breytingar á því.“

**„EF GJALDEYRISHÖFTIN VERÐA AFNUMIN OG VIÐ SKÖPUM RÉTT SKILYRÐI FYRIR ÞESSI FYRIRTÆKI ÞÁ ER HÆGT AÐ BYGGJA HÉR UPP ÖFLUGAN ALÞJÓÐAGEIRA.“**

› klinkið



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Frosta Ólafsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

# Siglir félaginu inn á Aðalmarkaðinn

***Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, fór fimmtán ára gamall til sjós og sigldi í nítján ár. Hann stýrir nú stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Vilhjálmur er Valsari og stuðningsmaður Liverpool í ensku deildinni.***

SVIPMYND

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Við erum að gera okkur vonir um að þriðjungur af hlutabréfum félagsins fari í sölu í apríl og að félagið verði í kjölfarið skráð á markað í maí,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, um undirbúninginn að skráningu félagsins á Aðalmarkað Kauphallarinnar.

Stjórnendur félagsins og stærstu eigendur tilkynntu í nóvember að þeir hefðu náð samkomulagi um skráninguna. Félagið er nú skráð á First-North-markað Kauphallarinnar en skráning á Aðalmarkað á að auka seljanleika bréfanna og stuðla að dreifðara eignarhaldi.

„Annars hafa veiðarnar gengið ágætlega í bolfiskinum en það sama verður ekki sagt um loðnuna eins og hefur ekki farið fram hjá neinum. Hún hefur verið ótrúlega brellin og óvenjulítið um þéttar torfur og veðrið hefur alls ekki hjálpað til,“ segir Vilhjálmur.

HB Grandi fékk úthlutað fimmtán þúsund tonna loðnukvóta á þessari vertíð en í fyrra veiddi félagið samtals 85 þúsund tonn. Loðnuvertíðin veldur því að öllum líkindum gríðarlegum vonbrigðum líkt og hjá öðrum fyrirtækjum sem veiða uppsjávarfiskinn.

Vilhjálmur byrjaði ungur að vinna í fiskvinnslu og fór fimmtán ára til sjós og sigldi í nítján ár.

„Síðan fór ég í land og vann í nokkur ár hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). Svo var ég ráðinn til Tanga, sjávarútvegsfyrirtækis sem gerði út togara og uppsjávarskip á Vopnafirði, árið 2000, og var þar skrifstofustjóri og tók síðan við sem framkvæmdastjóri og fylgdi með inn í HB Granda í ársbyrjun 2005 þegar félögin voru sameinuð. Þá sá ég um rekstur uppsjávarveiða og vinnslu,“ segir Vilhjálmur, en hann var ráðinn forstjóri í september 2012.

Vilhjálmur lauk verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, fór þaðan í Stýrimannaskólann og útskrifaðist seinna sem útgerðartæknir frá Tækniskólanum. Hann er giftur Steinunni Ósk Guðmundsdóttur þroskaþjálfa og eiga þau fjögur börn.

„Ég stunda stang- og skotveiði og veiði rjúpu, silung og lax. Síðan held ég með Val og fylgist með enska boltanum. Þar held ég með Liverpool og maður hefði nú getað verið ánægðari með leikinn á sunnudaginn en það fór eins og það fór,“ segir Vilhjálmur og hlær.



**VILHJÁLMUR** Starfsmenn HB Granda voru að landa ufsa og karfa úr ísfisktogaranum Ottó N. Þorlákssyni þegar Fréttablaðið bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skemmtilegur veiðifélagi



„Vilhjálmur er mjög rólegur og yfirvegaður maður. Hann hefur mjög gaman af stangveiði og það er virkilega gaman að fara með honum í veiðiferðir því Vilhjálmi finnst gaman að segja frá því þegar hann er að kljást við fiskana og lýsingarnar hjá honum eru oft skemmtilegar. Hann er óskaplega þægilegur yfirmaður og það er gott að vinna með honum og undir hans stjórn. Hann er sanngjarn og tekur tillit til skoðana annarra og treystir sínum mönnum vel.“

**Magnús Þór Róbertsson**, vinnslustjóri HB Granda á Vopnafirði.



„Frá því að Vilhjálmur tók við sem forstjóri hefur hann sett mikið af nýjum hlutum í gang. Hann er fylginn sér í að gera góðar breytingar og á ekki bara auðvelt með að vinna með okkur yfirstjórnendunum heldur hefur hann einnig gert sér far um að hitta hvern einasta starfshóp í fyrirtækinu, hverja einustu áhöfn, en við erum með ellefu skip og allar þessar vinnslur á þremur stöðum á landinu. Ég fékk að taka þátt í einni syrpu með honum og það var mjög áhugavert.“

**Svavar Svavarsson,** yfirmaður viðskiptaþróunar HB Granda.

# ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.




RAUNSTÆRÐ: 19 sm

## VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd. VESA festing fylgir þannig að einnig hægt er að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.




tl.is

TÖLVULISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

# Ranghalar í umræðu um Evrópusambandið

Í gær kom fyrir manna sjónir nýjasta innleggið í umræðuna um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu, skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ríkisstjórnina. Líkt og við var að búast halda menn sig við þekktar skotgrafir og orðhengilshátt í umræðunni. Umræðu sem fyrir löngu er búin að fara í svo marga hringi að nægir til að æra óstöðugan.



**Markaðshornið**

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Brjóstvitið segir manni að hluti fólks sé þannig gert að það óttist allar breytingar og kjósi ávallt þekkt ástand umfram annað.

Spurning er þó hvort málið er svo flókið í grunninn. Er hægt að fá varanlegar undanþágur frá lögum og reglum Evrópusambandsins í aðildarviðræðum? Líkast til ekki. Er hægt að semja um sérlausnir? Já, það er hægt og fordæmi fyrir slíku.

Skiptir máli hvort niðurstaða í viðræðum Íslands við ESB um sjávarútvegsmál eða landbúnað er kölluð sérlausn eða undanþága? Nei, engu.

Þurfa aðildarríki að beygja sig undir grunngildi og hugsjónir Evrópusambandsins um mannhelgi, frelsi, lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir lögum? Já. Er það slæmt? Nei.

**Hræðsla og óöryggi eða varðstaða um sértæka hagsmuni?**

Ekki kemur á óvart að þeir sem hæst hafa látið í andstöðu við aðildarumsókn Íslands þykist finna í skýrslu Hagfræðistofnunar umsókn landsins allt til foráttu. Oftar en ekki kemur í ljós að um orðhengilshátt er að ræða þegar rýnt er í röksemdirnar. Talað er um undanþágur en sérlausnir látnar liggja á milli hluta.

Áfram er rifist um hluti sem verður ekki svarað nema með því að ljúka aðildarviðræðunum. Það getur enginn að óreyndu fullyrt að óásættanleg niðurstaða verði af samningum við Evrópusambandið.

Velta má fyrir sér af hvaða hvötum slíku rugli er haldið fram. Brjóstvitið segir manni að hluti fólks sé þannig gerður að hann óttist allar breytingar og kjósi ávallt þekkt ástand umfram annað, hvort sem breytingarnar eru til hins betra eður ei. Þetta er svo sem skiljanlegt, tilfinningarnar ráða för.

Alvarlegra spurningarmerki er hægt að setja við framferði þeirra sem stilla sér upp sem varðhundar sértækra hagsmuna. Vitanlega fylgir breytingum rask og valdajafnvægi raskast. Einhver sem deilt gat og drottnað yfir styrkjakerfi getur það ekki lengur. Rammi er settur utan um ákvarðanir sem einhver ráðamanna hafði áður í hendi sér. Fyrir hverja eru þeir stjórnmálamenn að vinna sem stilla sér upp í þessu liði? Ekki almenning í landinu.

**Niðurstaða verður að fást í málið**

Ábatinn af mögulegri aðild Íslands að Evrópusambandinu virðist augljós.

Hér plaga miklar sveiflur efnahagslífið og hefur krónan rýrnað ár frá ári (þótt núna malli hún í höftum). Reynslan sýnir að lönd sem glímt hafa við verðbólgu hafa náð á henni tökum við það að ganga í Evrópusambandið. Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar og til einhvers er að vinna ef rétt reynist.

Reynt hefur verið að viðhalda þeim misskilningi í umræðunni að hér sé verðtrygging lána sérstakt vandamál. Þetta er náttúrlega rugl. Verðbólgan er vandamálið og verðtryggingin birtingarmynd þess. Þá er vitað mál að með aðild fengist stuðningur og trúverðugleiki sem styddi við þau markmið sem þurfa að nást áður en hér yrði tekin upp önnur mynt.

Eigi landið að hafa möguleika á þessum ávinningi og öðrum þá þarf náttúrlega að ljúka samningum við Evrópusambandið. Öðru vísi fást ekki svör við þeim álitaefnum sem haldið er á lofti.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stjórnandinn og Sinfó

**SKOÐUN**

Hildur Jakobína Gísladóttir,
MBA og stjórnendaráðgjafi hjá Heilbrigðum stjórnarháttum ehf.



Líkja má stjórnun á vinnustöðum við stjórnun sinfóníuhljómsveitar. Þetta kom upp í hugann þegar ég horfði á röggsama stjórnun Peters Guth á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nýliðnum janúar. Þar var einn stjórnandi sem stjórnaði hópi fagfólks sem spilaði mismunandi hlutverk skv. nótum á hljóðfæri sín til að fullkomna tónverkið, sem er sameiginleg stefna allrar hljómsveitarinnar. Markmiðið er að hver og einn spili þann hluta sem myndar heildarverkið með samhljómi og samspili mismunandi hljóðfæra.

Það sama á við um fyrirtæki. Þar eru starfsmenn sem vinna í mismunandi stöðum en sameiginlegt markmið allra er að framfylgja stefnu fyrirtækisins þó svo að ólíkar aðferðir séu notaðar við að ná fram þeim sameiginlegu markmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér. Hér er stjórnandasprotinn mikilvægt verkfæri. Stjórnandinn verður að stjórna og miðla til þeirra sem taka þátt í „tónverki fyrirtækisins“. Hann er markþjálfinn og leiðir hljómsveitarmeðlimi í gegnum æfingar, eflir frammistöðu þeirra og laðar það allra besta fram í fari hvers og eins. Stjórnandinn þarf þó að hafa grunnþekkingu á öllum þeim hljóðfærum sem notuð eru til að fullkomna tónverkið eins og stjórnandinn þarf að þekkja hlutverk hverrar deildar fyrir sig í samsetningu heildarinnar.

Hér er lykilorðið samvinna. Ef einhver í sinfóníuhljómsveitinni myndi spila allt annað tónverk en verið væri að flytja myndi samspilið stöðvast. Ef stjórnandinn myndi fara á einkaflipp með sprotann myndu hljómsveitarmeðlimir verða áttavilltir og samspilið færi úr böndum. Að sama skapi er því afar mikilvægt að vera með skýrar reglur um hátterni og samvinnu innan vinnustaða og stefnan þarf að vera hverjum starfsmanni mjög skýr. Þannig að ef einhver fer út fyrir rammann fipast hinum þar sem þeir vita að þetta er ekki eins og það á að vera. Þeir vita hvers er ætlast til af þeim.

> Ef einhver í sinfóníuhljómsveitinni myndi spila allt annað tónverk en verið væri að flytja myndi samspilið stöðvast.

Hvað þessa samlíkingu varðar er því ljóst að hvorki sinfónían né stjórnandinn geta hvort án annars verið og það sama má segja um stjórnendur og starfsmenn á vinnustöðum. Hlutverk stjórnandans er að miðla sýn fyrirtækisins, stefnu og markmiðum, sinna upplýsingagjöf og hvetja starfsfólkið sitt áfram. Enn fremur verður starfsfólkið að hafa undir höndum nóturnar til að geta spilað sitt hlutverk. Hver og einn verður að vita til hvers er ætlast af honum. Þegar vel er vandað til og samspilið myndar tónverkið, fyllist áheyrandinn gleði. Þannig eru þær væntingar sem hann hafði varðandi þá þjónustu sem hann keypti uppfylltar og takmarkinu er náð. Starfsmennirnir geta líka verið sáttir við sína eigin frammistöðu. Staðan er „win – win“.

Hagnaður Coca-Cola dróst saman um 8,4 prósent:

# Bréfin falla í verði

Hlutabréfaverð í Coca-Cola, stærsta gosdrykkjaframleiðanda heims, féll meira á síðustu tveimur dögum en það hefur gert undanfarin tvö ár, að því er fram kemur í umfjöllun Businessweek um málið.

Lækkunina má að miklu leyti rekja til samdráttar í eftirspurn í Bandaríkjunum og hægari vaxtar á nýjum mörkuðum. Hagnaður fyrirtækisins á síðasta ársfjórðungi lækkaði um 8,4 prósent og salan dróst saman um 3,6 prósent á sama tíma.

Forsvarsmenn gosdrykkjaframleiðandans hafa lýst því yfir að þeir muni reyna að skera reksturinn niður um einn milljarð Bandaríkjadala árlega fram til ársins 2016 til að mæta fyrrgreindum áföllum. Hagræðingaraðgerðirnar munu einna helsta lýsa sér í heildarendurskoðun á markaðsherferðum fyrirtækisins.

Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar eru fjárfestar óvissir um árangur aðgerðanna því hlutabréfaverð í Coca-Cola féll um 4,3 prósent við opnun markaða í New York í gær. Verð bréfanna féll um 5,8 prósent á liðnu ári, en verð bréfa Pepsi Co., helsta keppinautar Coca-Cola, féll einnig um 5,8 prósent á sama tímabili. - sój





**KÓKIÐ** Verð hlutabréfa í Coca-Cola féll um 4,3 prósent við opnun markaða í gær. MYND/GETTY



**VINNUAFL** Atvinnuleysi mældist 4,5 prósent á þriðja ársfjórðungi 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrjú fyrirtæki taka þátt í tilraunaverkefni og ráða fólk sem er að missa bótarétt:

# Atvinnulausum gefin tækifæri

„Við höfum unnið að þessu verkefni með nokkrum fyrirtækjum í nokkurn tíma með fínum árangri,“ segir Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð, um tilraunaverkefnið „Gefum tækifæri“ þar sem fyrirtæki gefa fólki sem hefur verið atvinnulaust í langan tíma tækifæri til að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Verkefnið er samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar, Festu og ráðgjafarfyrirtækisins Proactive. Fyrirtækin ISS, Ölgerðin og Mjöll Frigg hafa tekið þátt í því og ráðið til sín starfsfólk sem hefur verið lengi á atvinnuleysisskrá og er að missa bótarétt. Sex slíkir starfsmenn eru nú í vinnu hjá fyrirtækjunum þremur.

„Markmið verkefnisins er að ráða fólk til reynslu með það fyrir augum að til langvarandi ráðningarsambands komi. Í byrjun var lögð áhersla á að finna störf sem krefjast ekki mikillar sérhæfingar en fram undan verður einnig horft til fólks með sérfræðimenntun sem er að missa bótarétt.“

Ketill segir fyrirtækin þrjú fá styrk frá Vinnumálastofnun sem samsvari atvinnuleysisbótum starfsmannsins á meðan á reynslutíma stendur.

„Fólk sem er atvinnulaust, en getur unnið, öðlast tækifæri til að njóta sín, fyrirtækin fá þakklátt starfsfólk og ávinningur samfélagsins felst í því að í stað þess að greiða atvinnuleysisbætur borga einstaklingar og fyrirtæki skatta og gjöld,“ segir Ketill. - hg

# UNITED SJÓNVÖRP

## ÁÐUR ÓÞEKKT VERÐ!




**UNITED LED32X16**

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**49.990**

VERÐ **59.990**

**UNITED LED39X16T2**

- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**79.990**

VERÐ **89.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

**UNITED**

MARKAÐURINN

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 113,27 | DKK 20,84 | NOK 18,67 | CHF 127,22 |
| GBP 189,09 | EUR 155,48 | SEK 17,44 | JPY 1,11 |



*Hin hliðin*

MARTHA ÁRNADÓTTIR.
FRAMKVÆMDASTJÓRI DOKKUNNAR

## Lykillinn að hamingjunni

Grundvallarspurningin í siðfræði Aristótelesar frá því á fjórðu öld fyrir Krist er spurningin um hvernig unnt er að lifa góðu og farsælu lífi eða að vera hamingjusöm manneskja – milljón dollara spurningin enn þann dag í dag – ekki satt?

### Hamingjan er tilgangurinn

Að mati Aristótelesar er tilgangur lífsins að öðlast farsæld sem getur í nútímanum útlagst sem hamingja. Hann var einnig sannfærður um að til að uppfylla tilganginn og öðlast hamingjuna þyrfti manneskja að koma sér upp góðu safni dygða. Að vera hamingjusöm manneskja er því fólgið í því að vera dygðug manneskja, að mati Aristótelesar.

### Dygð getur verið góð venja

Hvað í ósköpunum á Aristóteles við með dygð og hvað þýðir að vera dygðug manneskja – hvernig getum við nýtt okkur þessa ævafornu nálgun Aristótelesar til að öðlast lífshamingju í nútímanum?

Þegar Aristóteles var spurður að þessu svaraði hann því til að dygðir væru einfaldlega athafnir dygðugrar manneskju, dygðir eru það sem dygðug manneskja gerir, venjur hennar og viðbrögð. Til að öðlast hamingju þyrfti viðkomandi því að temja sér hætti dygðugrar manneskju og taka upp háttalag hennar og venjur.

### Einföldum málið

Til að einfalda málið fyrir okkur nútímamanneskjum og um leið nýta okkur þessa fornu speki má líta svo á að dygðir séu einfaldlega góðar venjur sem við tileinkum okkur og birtast í fari okkar alla daga. Venjur sem þegar eru orðnar hluti af okkur og gefa lífi okkar merkingu og tilgang.

### Gott venjusafn

Þar sem Aristóteles segir að dygðir séu forsenda hamingjunnar má halda því fram að góðar venjur séu forsenda hamingjunnar sem mörgum er svo vandfundin. Gott venjusafn (portfolio) er því meira virði en flest önnur eignasöfn sem skína þó töluvert skærar!

**Eitt ráð í forgjöf:** Það tekur 21 dag að festa í sessi góða venju!

*(Dygð er rithættur tengdur dygðasiðfræði Aristótelesar)*









## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Til sölu

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**
**Húsgögn og fleira til sölu**

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.

Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

**MJÖG GOTT VERÐ**

Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.



**HUMAR - 2.600 KR.KG.**
Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is

**Verðmætaskápar**



**Öryggis-, byssu- og lyklaskápar mikið úrval**

Stofnað 1988
**Neyðarþjónustan**
Lásasmiðurinn
**Skútuvogur 11 • s: 510-8888**



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðnum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI**
20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald




## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU!**
Til leigu snyrtileg, rúmgóð herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó.

Available now! Rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.
**Tel. 661-7000**

## Húsnæði óskast

Vantar vinnustofu sirka 25fm. Vinsamlegast hafið samband í s:554 1690

## Sumarbústaðir



Til sölu hús með rafm. 3x5 V.350þús. Afh.með klæðningu eða án. Panill eða Bárujárn gr. aukalega. Uppl. í s. 8961976

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**



Til leigu 175 fm.á Smiðjuvegi .70 fm. Kæli/frystiklefi. Hentar til matvælavinnslu. Uppl. í s. 660 5600

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Atvinna í boði

KvikkFix

**KVIKKFIX STÆKKAR ÖRT OG VANTAR FLEIRA FÓLK.**

Bifvélavirkja

Menn vana bílaviðgerðum

Manneskju í móttöku

Verkstæðisformann

**Sendu umsókn á orri@nrg.is ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur.**

HAFLIÐI RAGNARSSON CHOCOLATIER

**AÐSTOÐAMAÐUR ÓSKAST Í SÚKKULAÐI/ KONFEKTGERÐ.**
Leitum að hæfileikaríkum og áhugasömum einstakling til að starfa með okkur við framleiðslu og pökkun á hágæða súkkulaði/ konfekti. Öll reynsla við svipuð störf er kostur.
**Áhugasamir geta sótt um á www.mosfellsbakari.is eða sent póst á mosbak@mosbak.is Tekið verður við umsóknum til 28. febrúar 2014.**

## Atvinna óskast

Rafvirki, húsasmiður og málari óska eftir vinnu. Uppl. í s. 848 6904

Smiður óskar eftir vinnu, vanur byggingavinnu, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

## fundir / mannfagnaður

**BLÓÐGJAFAFÉLAG ÍSLANDS**
**The Blood Donors Society of Iceland**

### Aðalfundur

Blóðgjafafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 27. febrúar 2014 klukkan 20:00 í K-byggingu Landspítalans.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Blóðgjöfum veittar viðurkenningar
3. Önnur mál
4. Fræðsluerindi

Fundurinn er öllum opinn.
**Stjórn Blóðgjafafélags Íslands**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Landsskipulagsstefna 2015-2026

**Lýsing**

Skipulagsstofnun auglýsir hér með lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026 sbr. reglugerð nr. 1001/2011. Í lýsingunni er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef Skipulagsstofnunar www.skipulagsstofnun.is, á vef landsskipulagsstefnu www.landsskipulag.is og hjá Skipulagsstofnun.

Allir sem þess óska geta komið á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna og skulu þær berast Skipulagsstofnun í síðasta lagi 12. mars 2014 með bréfi, tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is eða á www.landsskipulag.is.

Lýsingin verður jafnframt kynnt á kynningar– og samráðsfundum á eftirtöldum stöðum en dagskrá auglýst síðar:
- Reykjavík 25. febrúar kl. 15.00 - 17.30, Iðnó, Vonarstræti 3
- Borgarnesi 27. febrúar kl. 14.00 -16.00, Bjarnarbraut 8
- Selfossi 28. febrúar kl. 15.00 - 17.00, Hótel Selfossi, Kirkjuvegi 2
- Egilsstöðum 3. mars kl. 15.00 - 17.00, Hótel Héraði, Miðvangi 1-7
- Ísafirði 4. mars kl. 15.00 - 17.00, Háskólasetri Vestfjarða, Suðurg. 12
- Akureyri 5. mars kl. 15.00 - 17.00, Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89

**Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík**

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

Stígamót

### Karl óskast til starfa á Stígamótum

Óskað er eftir karli með áhuga og þekkingu á kynbundnu ofbeldi. Um er að ræða fullt starf í eins árs tilraunaverkefni með möguleikum á framhaldi. Starfið mun felast í ráðgjöf, starfrækslu sjálfshjálparhópa og fræðslu til þess að undirstrika enn frekar áherslu Stígamóta á ofbeldi gegn drengjum og körlum.

Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á kynjaðri sýn á samfélagið. Samábyrgð, frumkvæði og traust eru forsendur farsæls starfs með vandasöm mál. Í starfshópnum ríkir bæði áhugi og starfsgleði sem mikilvægt er að varðveita. Viðkomandi verður að hafa góða samskipta- og samstarfshæfileika.

Nám í félagsráðgjöf, sálfræði, lögfræði, kynjafræði, eða skyldum fræðum er jafnframt eftirsóknarvert.

Við hvetjum alla karla með áhuga á starfsemi Stígamóta til að sækja um.

**Hverfisgötu 115, 105 R. fyrir 15. mars.** merktar **„Starfsumsókn“.** Öllum umsóknum verður svarað.

## fasteignir

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**




**TIL LEIGU/SÖLU**

**Faxafen 10, 108 Reykjavík**
668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!



| KL. 20:25
**Léttir sprettir**
Rikka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.

# Frábært miðvikudagskvöld

| KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



| KL. 20:50
**The Face**
Spennandi þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



| KL. 21:35
**Lærkevej**
Skemmtileg dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**127 Hours**
Dramatísk mynd byggð á sönnum atburðum með James Franco í aðalhlutverki.



3 | KL. 21:30
**Tomorrow People**
Spennuþættir um hóp ungmenna sem eru með sérstaka hæfileika og hafa samskipti sín á milli með hugsanaflutningi.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 3 | 1 | 7 | | 5 | |
| | 1 | | 2 | | | 7 | 8 | |
| 4 | 6 | | | | 9 | 1 | | |
| 5 | | 8 | 1 | 9 | | | 6 | |
| | | 9 | | | 2 | 8 | | 1 |
| | 7 | | | 3 | | | 9 | 2 |
| | 5 | 1 | | 6 | | | | |
| | | | | | 5 | | | 8 |
| 9 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 5 | | 7 | | | | 6 |
| | | | 1 | 2 | | | 7 | |
| 1 | | | 4 | 6 | | 9 | | 5 |
| 5 | | 1 | | | | | 9 | |
| | 7 | | | | 3 | | 8 | |
| 9 | | 3 | | | | | 6 | |
| 6 | 9 | | | | | 8 | 5 | 4 |
| | | | 9 | | | 7 | | |
| | | | 8 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 3 | | | | | |
| | | 3 | | | 4 | | 9 | |
| | 5 | 6 | 8 | | | | | |
| | | 5 | | | | 3 | | 2 |
| | | | 5 | 1 | | | | |
| 3 | | 1 | | 6 | 7 | 9 | | |
| | 2 | | | 5 | 9 | | | 4 |
| 5 | | | | | | 7 | | |
| | 1 | 4 | | | 2 | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 8 | 4 | 2 | 3 | 1 | 7 | 6 | 9 | 5 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 | 9 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 9 | 3 | 6 | 8 | 5 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 6 | 8 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 8 | 1 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 | 6 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 9 | 1 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 3 |
| 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 3 | 4 | 2 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 |
| 9 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 5 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Vinirnir sem þú getur hringt í klukkan fjögur um nótt eru þeir sem skipta máli.“

*Marlene Dietrich*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT 2.** steypuefni, **6.** rún, **8.** hlé, **9.** háttur, **11.** kyrrð, **12.** frárennsli, **14.** vegahótel, **16.** skóli, **17.** sóða, **18.** skelfing, **20.** tvíhljóði, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** hnöttur, **3.** **49, 4.** formann, **5.** arinn, **7.** rafstraumur, **10.** kvk nafn, **13.** beita, **15.** dæld, **16.** dá, **19.** nudd.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gifs, **6.** úr, **8.** lot, **9.** lag, **11.** ró, **12.** afrás, **14.** mótel, **16.** ma, **17.** ata, **18.** ógn, **20.** au, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** kúla, **3.** il, **4.** forseta, **5.** stó, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** áta, **15.** laut, **16.** mók, **19.** nú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Andri Freyr Björgvinsson (1.646) tefldi við Tómas Veigar Sigurðarson (1.985) á Skákþingi Akureyrar fyrir skemmstu.**

**Svartur á leik:**



**75.…Kc6!** Svartur hrekur með þessu hvíta kónginn á vondan reit. **76. Ka6 f3 77. b7 f2.** Hér vaknar hvítur upp við vondan draum. Ef 78. b8D þá 78.…f1D+ 79. Ka5 (79. Ka7 Da1#) Da1+ 80. Kb4 Db1+ og 81.…Dxb1. Hvítur gafst því upp.

**www.skak.is** Carlsen í einkavíðtali við Tímaritið Skák.




Lay Low  Ragga Gröndal  Greta Salóme  Þórunn Gréta  Myrra Rós  Ellen Kristjáns
Alexandra í MAMMÚT  Hafdís Huld  Bára Grímsdóttir  Margrét Rán í VÖK  Sunna Gunnlaugs  Cell7

**Síminn er stoltur stuðningsaðili KÍTÓN, félags kvenna í tónlist.**

Upplifðu frábæra skemmtun á stórtónleikum í Eldborgarsal, Hörpu, sunnudaginn 2. mars.

Meðal flytjenda eru: Cell 7, Ellen Kristjáns, Sunna Gunnlaugs, Mammút, Lay Low, Ragga Gröndal, Myrra Rós, Hafdís Huld, VÖK, Ragnhildur Gísladóttir, Greta Salóme og Lay Low. Caput, Vox feminae, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hljómeyki flytja verk eftir Þórunni Grétu, Báru Gríms, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jórunni Viðar og Önnu Þorvalds.



# Amma og ömmubarn

TÓNLIST ★★★★☆

**AGNES ÞORSTEINSDÓTTIR MEZZÓSÓPRAN OG AGNES LÖVE PÍANÓLEIKARI FLUTTU BLANDAÐA DAGSKRÁ Í NORRÆNA HÚSINU LAUGARDAGINN 15. FEBRÚAR.**

Amma og ömmubarn héldu tónleika í Norræna húsinu á laugardaginn. Amman var Agnes Löve píanóleikari, barnabarnið Agnes Þorsteinsdóttir mezzósópran (f. 1990). Á dagskránni var fjöldinn allur af lögum, bæði innlendum og erlendum, auk þess sem aríur ráku lestina. Maður fékk því býsna góða hugmynd um hvers söngkonan er megnug.

Agnes Þorsteins er með fallega rödd, sérstaklega á efra sviðinu. Hún er silkimjúk, kraftmikil og hefur karakter. Einstöku tónar á neðra sviði voru eilítið ónákvæmir, sem má rekja til þess að söngkonan er jú að stíga sín fyrstu skref. Það lærir enginn að halda tónleika nema með því að gera það. Þetta voru debút-tónleikar.

Ógerningur er að fjalla um Agnesi án þess að nefna ömmuna í sömu andrá. Agnes Löve fylgdi söngkonunni af kostgæfni. Þá á ég ekki bara við að allar tímasetningar hafi verið nákvæmar. Heldur það að túlkun píanóleikarans var bókstaflega rafmögnuð. Hvort sem það var Flickan kom ifrån sin älsklings möte eftir Sibelius, Syngdu ei fagra eftir Rachmaninoff, söngperlur eftir Jón Ásgeirsson, litlar vögguvísur eða brjálaðar aríur. Alls staðar var túlkunin sönn og borin fram af smekkvísi og heiðarleika, en samt ástríðu.



**AGNES ÞORSTEINSDÓTTIR**

Túlkunin á Von ewiger Liebe op. 43 nr 1 eftir Brahms var sérstaklega hrífandi. Það var einhver magnaðasti flutningur á því lagi sem ég hef heyrt. Þarna sprakk tónlistin í ógnarlegan hápunkt eins og gjarnan vill verða með tónlist Brahms. En píanóleikarinn hélt ávallt reisninni, þessum djúpa rytma sem varð að dáleiðandi undirölgu. Það var engin yfirborðsmennska eða tilgerð. Einmitt svona á Brahms að hljóma.

Þessi ákafi píanóleikur lyfti söngnum hvað eftir annað upp í hæstu hæðir. Agnes Þorsteinsdóttir lagði greinilega allt í túlkun sína. Útkoman var einstaklega falleg, þó hún væri stundum dálítið hrá eins og fyrr var greint frá. Lögin eftir Sibelius voru hvert öðru betra, lag Rachmaninoffs tregafullt og myrkt. Vögguvísa Faurés var full af seiðandi laglínum og einhverju ósegjanlegu í skáldskapnum sem gerði tónlistina svo lokkandi. Vínartónlistin í lokin var fyndin og aríur úr Cosi fan tutte eftir Mozart tilkomumiklar. Alls staðar var ljóðrænni fegurð miðlað til áheyrenda í söngnum. Manni leiddist aldrei. Agnes á erindi í óperuna, svo mikið er víst. Hún býr yfir spennandi hæfileikum; söngur hennar þarf bara aðeins að fágast. Hann mun gera það með tíð og tíma.

Ég verð að minnast á, svona í lokin, sambandið á milli píanóleikara og söngkonu. Það var óvanalega fallegt, sjálfsagt vegna skyldleikans. Amma og ömmubarn höfðu sjarmerandi sviðsframkomu – það var ekki bara gaman að hlusta á þær, heldur líka að horfa á þær. Þetta er dúett sem maður vill heyra í sem fyrst aftur.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtilegir debút-tónleikar Agnesar Þorsteinsdóttur. Hún er ein efnilegasta söngkona sem ég hef heyrt í lengi. Amma hennar Agnes Löve lék með á píanó; leikur hennar var fullur af músík og skáldskap.



**ART BLAKEY** Tónlistin á tónleikunum í kvöld er sótt í smiðju trommugoðsagnarinnar Arts Blakey.

# Múlinn í Björtuloftum

Vortónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans hefst í Hörpu í kvöld. Tónleikarnir marka upphaf átjánda starfsárs klúbbsins.

Fyrstu tónleikar vortónleikaraðar Jazzklúbbsins Múlans verða haldnir í kvöld. Alls verða ellefu tónleikar í tónleikaröðinni sem fara mun fram á miðvikudagskvöldum í Björtuloftum í Hörpu.

Á tónleikunum í kvöld kemur fram hljómsveitin Múla-sextettinn sem skipuð er Birki Frey Matthíassyni sem leikur á trompet, saxófónleikurunum Hauki Gröndal og Ólafi Jónssyni, píanóleikaranum Eyþóri Gunnarssyni, Þorgrími Jónssyni sem leikur á bassa og trommuleikaranum Scott McLemore. Sextettinn mun leika tónlist Art Blakeys og djasssendiboða hans.

Múlinn er að hefja sitt átjánda starfsár en hann er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.



Spennandi atvinnutækifæri á Geysi

Verslunin á Geysi í Haukadal óskar eftir starfsfólki í allar deildir fyrirtækisins. Við leitum að duglegum einstaklingum með góða þjónustulund til að vinna með okkur á ört vaxandi vinnustað.

- Mikil tækifæri í boði , framtíðarstörf og sumarstörf
- Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi
